



**BA ritgerð**

**Þjóðfræði**

## **Helgigripur eða veisluklæði?**

Reglufesta og hefðarrof í notkun íslenskra þjóðbúninga

Anna Karen Unnsteinsdóttir

**Leiðbeinandi Ólafur Rastrick**  
**Júní 2020**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-  
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

**Helgigripur eða veisluklæði?**  
***Reglufesta og hefðarrof í notkun íslenskra þjóðbúninga***

Anna Karen Unnsteinsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Ólafur Rastrick

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

Helgigripur eða veisluklæði?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í þjóðfræði  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Anna Karen Unnsteinsdóttir, 2020

Reykjavík, Ísland, 2020

## Útdráttur

Í gegnum tíðina hafa verið uppi hugmyndir um „rétt útlit“ íslenskra þjóðbúninga, þ.e. að einhver ein útfærsla á þjóðbúningum sé réttari en önnur. Þetta sést meðal annars hjá Sigurði málara (1833-1874), en hann vildi varðveita sérkenni íslenska búningsins, honum líkaði ekki þær breytingar sem urðu á íslenskum fatnaði með áhrifum evrópskrar fatatísku. Þjóðbúningarnir héldu þó áfram að þróast og um aldamótin 2000 var stofnað Þjóðbúningaráð sem hafði það að markmiði að varðveita íslensku búningana.

Í ritgerðinni er fjallað um afstöðu fólks til þeirrar forskriftar eða reglna sem við lýði eru um gerð og notkun íslenskra þjóðbúninga. Könnuð eru viðhorf bæði sérfræðinga og leikmanna og skoðanir þeirra bornar saman með tilliti til atvinnu og aldurs. Með hjálp viðtala við fagfólk og notendur þjóðbúninga er í ritgerðinni grafið fyrir um viðhorf notenda búninganna til gerðar og notkunar þeirra. Skoðaðar verða þær reglur og viðmið sem gilda um þjóðbúningana og velt upp hlutverki sérfræðinga á sviði þjóðbúningasauma við að skapa og miðla hugmyndum um gerð og notkun.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ekki virðast gilda fastar reglur um notkun þjóðbúninga, heldur vilja notendur búningana oft líta á þau viðmið sem sérfræðingar gefa út sem fastar reglur. Svo virðist sem yngra fólk vilji frekar nota breytta búninga en þeir sem eldri eru og halda þeir eldri þá frekar í þá hefðbundnu búninga sem þjóðbúningaráð og aðrir sérfræðingar hafa teflt fram á vefsíðum sínum og í öðrum leiðbeiningum. Þá séu sérfræðingar ekki endilega þjóðbúningalöggan sem segir fólki til um rétta notkun búningsins heldur er hún innra með fólki sem er meðvitað um þau viðmið sem sérfræðingar setja fram og alltaf viðbúin athugasemdum um notkun þjóðbúninga.

## Formáli

Ég hef alltaf haft áhuga á þjóðbúningum, alveg síðan við mamma klæddum okkur í upphluti á 17. júní, hún í þann sem amma saumaði á hana fyrir brúðkaupið hennar og pabba og ég í rauða barnaupphlutinn minn sem ég fékk frá móðursystur minni. Þegar ég eltist fékk ég að nota búninginn hennar mömmu og hef alltaf verið mjög hreykinn af honum, þar sem hann spannar fjórar kynslóðir. Skartið er frá Laugu langömmu, Sigrún amma saumaði hann nýjan á mömmu þegar hún gifti sig og ég hef notað hann síðustu ár.

Ég hef einnig verið mjög meðvituð um þær reglur sem virðast gilda um þjóðbúninga, til að mynda fylgdi húfa með barna upphlutnum mínum sem ég þoldi aldrei, en þurfti að vera með á allavega einni mynd, því að húfan var víst hluti af múnderingunni. Eftir að ég hóf nám í þjóðfræði við Háskóla Íslands urðu þjóðbúningar mér mjög hugleiknir og þá sérstaklega þessar reglur. Svo varð úr að þessar hugmyndir mínar um reglur, menningararf og fornan hversdagsklæðnað kvenna varð efni í þessa 12 eininga ritgerð til BA gráðu í þjóðfræði.

Ótal margir lögðu hönd á plóg við gerð þessarar ritgerðar og fyrst ber að nefna frábæra leiðbeinandann minn, Ólaf Rastrick. Takk fyrir alla þolinmæðina, ómetanlegan yfirlestur og hjálp við gerð þessarar ritgerðar Ólafur. Nágranni minn úr sveitinni, Silla, á líka bestu þakkir fyrir að lesa yfir þessa ritgerð. Allir viðmælendur mínir sjö, þúsund þakkir fyrir að gefa ykkur tíma til að tala við mig, án ykkar væri þessi ritgerð ekki neitt. Vinkonur mínar úr þjóðfræðinni, takk fyrir yndisleg þrjú ár saman og stuðninginn á þessari önn, þið eruð bestar. Pabbi, mamma og Arnar, takk fyrir allan stuðninginn og fyrir að hughreysta mig þegar ég hélt að ég gæti þetta ekki.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>2 Aðferðafræði</b> .....	<b>10</b>
2.1 Rannsóknaraðferðir .....	10
2.2 Viðtöl.....	11
2.3 Viðmælendur.....	12
<b>3 Hugtök og kenningar</b> .....	<b>17</b>
3.1 Tíska og þjóðbúningar.....	17
3.2 Hópar .....	19
3.3 Menningararfur .....	21
3.4 Menningarlegt forræði .....	22
<b>4 Saga og þróun fatnaðar á Íslandi</b> .....	<b>25</b>
4.1 Útlit íslenskra þjóðbúninga .....	31
<b>5 Varðveisla menningararfs og lifandi menning</b> .....	<b>37</b>
5.1 Þjóðbúningalöggan .....	37
5.2 Hverjir eru menningarberarnir? .....	41
5.3 Þverstaða menningararfleiðarinnar .....	43
<b>6 Niðurlag</b> .....	<b>47</b>

## Myndaskrá

Mynd 1 - 18. aldar faldbúningar .....	32
Mynd 2 - 19. aldar faldbúningar .....	33
Mynd 3 - 20. aldar upphlutir.....	34
Mynd 4 - 19. aldar upphlutir.....	34
Mynd 5 - Skautbúningar .....	35
Mynd 6 - Herrabúningarnir gömlu .....	36

## 1 Inngangur

Upphlutur, skautbúningur, faldbúningur og herrabúningur. Þessir búningar eru aðeins hluti af þeim þjóðbúningum sem íslenska þjóðin á og hafa fötin fylgt okkur í hundruð ára, frá því að þau voru einfaldlega hversdags- og sparifatnaður venjulegs fólks þangað til að búningunum hlotnaðist heiðursnafnbótin þjóðbúningar og urðu að mikilvægum menningararfi. En hvernig á að gæta menningararfs? Í tilviki þjóðbúningana var það m.a. gert með aðkomu Alþingis árið 2000 sem ákvað að stofnað skyldi þjóðbúningaráð sem hefði það hlutverk að varðveita upplýsingar um íslensku þjóðbúningana og veita ráðgjöf til almennings þegar kom að búninganotkun. Með öðrum orðum, þá er hlutverk þjóðbúningaráðs að afla og safna saman sem mestri og bestri þekkingu sem völ er á um þjóðbúninga og miðla henni áfram til landsmanna. Var þetta gert vegna þingmanns sem lýsti yfir áhyggjum sínum þar sem honum fannst fáir Íslendingar þekkja búningana og kynnu ekki að nota þá „rétt“ (Drífa Hjartardóttir, 1998). Orðið „rétt“ er hér afar mikilvægt þar sem skiptar skoðanir eru á um rétta notkun þjóðbúninga. Er til ákveðin rétt leið til að nota búningana? Hverjir ákváðu að sú leið væri rétt og vilja allir fylgja henni? Og hverjir sjá um að þessari „réttu“ leið sé fylgt?

Í þessari ritgerð verður þessum spurningum svarað með viðtölum við sjö einstaklinga sem nota þjóðbúninga á mismunandi hátt. Þau sjö viðtöl voru greind með tilliti til fræðilegra kenninga og hugtaka eins og menningararfur, menningarlegt forræði, hópar og tíska. Markmið rannsóknarinnar er þess vegna eftirfarandi: Að afla upplýsinga og greina þær um viðhorf einstaklinga sem vilja nota búninginn öðruvísi en oftast er gert ráð fyrir, til dæmis að ávallt skuli nota húfu við búningana eða pils. Til mótvægis er teflt fram sjónarmiðum einstaklings sem klæðist þjóðbúningnum en heldur í heiðri gildi þess að fylgja viðurkenndri þekkingu um gerð og notkun búningsins. Enn fremur er rætt við sérfræðinga sem vinna með þjóðbúninga og gert grein fyrir afstöðu þeirra. Einnig verður reynt að grafast fyrir um hver hin alræmda þjóðbúningalögga sé og hvort að sérfræðingarnir sem talað var við falli undir þann hatt .

Í ritgerðinni er fjallað um afstöðu fólks til þeirrar forskriftar eða reglna sem við lýði eru um gerð og notkun íslenskra þjóðbúninga. Könnuð eru viðhorf bæði sérfræðinga og leikmanna og skoðanir þeirra bornar saman með tilliti til atvinnu og aldurs. Með hjálp viðtala við fagfólk og notendur þjóðbúninga er í ritgerðinni grafist fyrir um viðhorf notenda búninganna til gerðar og notkunar þeirra. Skoðaðar verða þær reglur og viðmið



sem gilda um þjóðbúningana og velt upp hlutverki sérfræðinga á sviði þjóðbúningasauma við að skapa og miðla hugmyndum um gerð og notkun. Hér er fyrst og fremst litið til kvenbúningana, þar sem þeir eru algengari nú á dögum heldur en herrabúningurinn gamli. Þó er aðeins litið til hans og tekið viðtal við einn notanda þess búnings.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla. Í þeim fyrsta er gerð grein fyrir þeim eiginlegu rannsóknaraðferðum sem notast var við. Þar eru viðmælendur mínir einnig kynntir til leiks. Í öðrum kafla er greint frá þeim kenningum og hugtökum sem stuðst er við í ritgerðinni, hugtökum á borð við menningararfur, menningarlegt forræði, hópur og tíska. Í þriðja kafla er saga íslenskra þjóðbúninga rakin í stuttu máli frá 18. öld til 21. aldarinnar og sagt frá nýlegum rannsóknum á þjóðbúningnum. Íslenski þjóðbúningurinn á sér langa og merkilega sögu sem nauðsynlegt er að kynna sér þegar skoða á nútíman, því þekking á sögunni er nauðsynleg til að skilja þau skoðanaskipti um varðveislu og breytingar sem einkennt hafa umræðu um búningana í áranna rás. Ásamt því er útliti fjögurra þjóðbúninga lýst eins og sérfræðingar í þeim efnum hafa sett fram í bókum og á vefsíðum. Í fimmta kafla eru viðhorf viðmælanda minna um breytingu þjóðbúninga skoðuð og þau greind með þeim hugtökum sem kynnt hafa verið. Einnig verður litið á viðhorf viðmælanda minna út frá sögulegu samhengi sem einnig hafði verið kynnt. Að lokum eru helstu niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman í lokaorðum.

## 2 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður greint frá þeirri aðferðafræði sem beitt var við gerð þessarar ritgerðar og viðmælendur kynntir til leiks. Notast var við viðtalsrannsókn sem hentar rannsóknarnálgun minni, en nálgunin krefst þess að viðhorf einstaklinga komi fram. Tekin voru viðtöl við sjö einstaklinga á mismunandi aldri og með mismunandi bakgrunn í þjóðbúningasamfélaginu, allt frá sérfræðingum sem vinna við þjóðbúningasam og fræðslu til einstaklinga sem klæðast þjóðbúningum við persónuleg tækifæri. Viðtölin sjö voru skrifuð upp í tölvu og greind með tilliti til þeirra hugtaka sem kynnt verða í næsta kafla.

### 2.1 Rannsóknaraðferðir

Við undirbúning þessarar ritgerðar var bókin *Recording Oral History: A Guide For the Humanities and Social Sciences* (2015) eftir Valerie Raleigh Yow lesin og stuðst við þær aðferðir sem þar eru kynntar. Einnig var stuðst við bókina *An Introduction To Qualitative Research* (2009) eftir Uwe Flick. Við gerð þessarar ritgerðar voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga en viðtalsrannsókn er ein af tveimur megin rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í félagsvísindum, en hin er meginleg aðferð. Báðar aðferðir snúast um að svara spurningum um mannlegu þættina í samfélögum, en megin munurinn á þeim er að eigindleg aðferð er persónulegri en sú meginlega. Eigindleg aðferð fer oftast fram í viðtölum og býður upp á nán samtöl milli viðmælanda og rannsakanda. Þar með fær viðmælandi mikið frelsi í svörum sínum en það gagnast oft rannsakanda, þar sem hægt er að skjóta inn spurningum og beina viðtalinu á réttan veg ef viðmælandi leiðist út af efni viðtalsins (Yow, 2015: 5).

Meginleg rannsóknaraðferð er aftur á móti ópersónuleg þar sem svörin eru fyrir fram stöðluð. Oft er meginlegri rannsóknaraðferð beitt í gegnum spurningalista sem dreift er til stórs hóps fólks (Yow, 2015: 5). Þegar meginlegum rannsóknaraðferðum er beitt er tilgangurinn að fá stöðluð svör frá stóru þýði án þess að rannsakandi breyti út af fyrir fram tilbúinni spurningaskrá. Þessi aðferð er meðal annars notuð í sálfræði eða náttúrufræði (Flick, 2009: 13). Ef meginlegri rannsóknaraðferð hefði verið beitt í þessari rannsókn hefði rannsóknin án vafa farið öðruvísi, þar sem lítil innskot að hálfu rannsakanda spiluðu stórt hlutverk í viðtölunum. Einfaldar spurningar eins og „getur þú sagt mér meira frá þessu“, „hvað finnst þér um það“ eða „af hverju heldur þú að það sé

gert“ komu oft fyrir þegar viðmælandi nefndi eitthvað sem rannsakandi vissi ekki um eða fannst áhugavert, það hefði ekki verið hægt með tilbúnum spurningalistum sem ekki mætti breyta.

Auðvitað hefur eigindleg rannsóknaraðferð sína galla líka, meðal annars fæst aðeins ein hlið á málinu með persónulegum viðtölum þó að það hafi ekki verið vandamál við gerð þessarar rannsóknar þar sem viðtölin fjölluðu frekar um skoðanir einstaklinga heldur en staðreyndir (Yow, 2015: 20). Einnig getur eitt og annað farið úrskeiðis í viðtölunum. Rannsakandi gæti spurt viðmælenda út í eitthvað sem snerti viðkvæma taug hjá viðmælenda eða að viðmælandi væri einfaldlega illa stemmdur þann dag sem viðtalið fór fram. Það gæti haft mikil áhrif á flæði viðtalsins og hversu miklar upplýsingar rannsakandinn fær úr því (Yow, 2015: 23). Þetta virtist þó ekki eiga við í þeim viðtölum sem voru tekin fyrir þessa ritgerð þar sem viðmælendur lágu ekki á liði sínu við að miðla vitneskju og skoðunum sínum í viðtölunum.

Ásamt eigindlegum viðtölum var einnig ráðist í heimildarvinnu á sögulegum staðreyndum sem varða þjóðbúninga. Stuðst var við ferðabækur frá 18. öld þar sem erlendir ferðamenn ferðuðust um Ísland og skrifuðu niður það sem fyrir augu þeirra bar. Einnig var stuðst við nýlegar bækur og greinar um þjóðbúninga, bæði um útlit þeirra og þróun en einnig um þjóðfræðilegar rannsóknir á búninganotkun í samtímanum. Enn fremur voru tvær heimasíður sérfræðinga í þjóðbúningum skoðaðar í þaula, en greint verður frá þessu í fjórða kafla.

## **2.2 Viðtöl**

Þegar tekin eru viðtöl er mælt með að byrja þau á ákveðinn hátt. Fyrst er greint frá dagsetningu og staðsetningu viðmælenda og rannsakanda, hver rannsakandi er og hvert sé viðfangsefni viðtalsins. Síðan er viðmælandi beðinn um að kynna sig með nafni, aldri og atvinnu/skóla. Eftir þessar stöðluðu spurningar er ráðlegt að biðja viðmælenda að segja aðeins meira frá sjálfum sér, til dæmis hvar hann ólst upp. Þetta er gert af tveimur ástæðum, annars vegar getur verið mikilvægt fyrir rannsakanda að fá þessar upplýsingar en einnig er oft gott fyrir viðmælendur að byrja á einföldum spurningum til að liðka málbeinið (Yow, 2015: 107). Eftir þessar spurningar er oft auðveldara fyrir bæði rannsakanda og viðmælenda að halda áfram og færa sig yfir í efni viðtalsins. Þegar það er gert er hægt að notast við nokkrar aðferðir, en í þessari rannsókn var notast við

hálfopin viðtöl. Í þeim eru notaðar tiltölulega opnar spurningar til að leyfa viðmælenda að nálgast efnið út frá sínum forsendum. Notast var við fyrir fram tilbúna spurningar til að fá þær upplýsingar sem þurfti en jafnframt var sveigt hjá þeim ef viðmælandi svaraði til dæmis óspurðri spurningu í svari við annarri spurningu. Spurt var meðal annars um hvernig viðmælendur notuðu sína þjóðbúninga, hvort viðmælendur höfðu lært að nota búninginn á einhvern ákveðinn hátt og hvort þau fyndu fyrir pressu til að nota búninginn á einhvern sérstakan máta. Eins og Yow bendir á í bók sinni er mjög mikilvægt að hlusta á það sem viðmælandi segir til að geta spurt hann nánar út í einstaka efni sem rannsakandi hafði mögulega ekki spurt út í áður (Yow, 2015: 109).

Þegar viðtöl eru tekin þarf að hugsa út í hvernig eigi að varðveita þau, á að taka þau upp eða á aðeins að hlusta og skrifa niður glósur? Fyrir þessa rannsókn var ákveðið að taka þau upp og skrifa þau niður orðrétt. Það var gert með bæði upptökutæki og síma. Fyrstu tvö viðtölin voru tekin upp á gömlu upptökutæki með hljóðnema sem rannsakandi hafði fengið að láni, en þegar átti að setja þau inn í tölvu náðist það ekki þar sem tækið er of gamalt. Þess vegna var ákveðið að nota síma rannsakanda til að taka upp hin fimm viðtölin og heppnaðist það vel. Staðsetning flestra viðtala var í heimahúsi, vinnustað eða á bókasafni, nema það fyrsta (AKU1\_2019) sem var tekið í einni byggingu Háskóla Íslands, Lögbergi, en þar var verið að þrifa og mikill umgangur. Rannsakandi og viðmælandi létu það þó ekki hrekja sig í burtu heldur gerðu einungis smá hlé meðan skúringavélin fór hjá.

### 2.3 Viðmælendur

Þegar undirbúningur rannsóknarinnar hófst var hugmyndin sú að taka fjögur viðtöl, eitt við manneskju af yngri kynslóð sem ætti þjóðbúning og notaði, eitt við manneskju á miðjum aldri eða eldri sem sömuleiðis ætti búning og notaði, eitt við fagmanneskju/sérfræðing sem kenndi þjóðbúningasauð eða saumaði sjálf og eitt við manneskju sem notaði þjóðbúninga oft, t.d. vegna vinnu. Ég hafði hins vegar ekki alveg skýra hugmynd um val viðmælenda, þannig að ég ákvað að setja inn auglýsingu á facebook-hópinn *Þjóðbúningaáhugafólk* sem telur í dag (mars 2020) 869 meðlimi. Þar óskaði ég eftir viðmælendum á miðjum aldri (40-60 ára) sem væru ekki sérfræðingar í þjóðbúningum heldur almennir notendur. Þetta vakti mikla athygli í hópnum og mér bárust margar góðar ábendingar um sérfræðinga sem ég gæti talað við og konur sem höfðu saumað sér búning. Þar buðu einnig tvær konur sem voru undir þessum aldri sig

fram í viðtal sem ég þáði með þökkum ásamt tveimur sem eru á miðjum aldri. Einnig var ákveðið að taka viðtöl við tvo sérfræðinga en ekki aðeins einn til að fá sem flest sjónarhorn ásamt einstaklingi sem notaði þjóðbúninga vegna vinnu. Alls urðu því viðtölin sjö. Ákveðið var að taka svo mörg viðtöl til að fá sem fjölbreyttust sjónarhorn á óhefðbundnum þjóðbúningum og frá mörgum kynslóðum og fagmönnum, þar sem aldur og störf hafa oft áhrif á skoðanir.

Viðtölin leiddu í ljós að hver viðmælandi hafði mótað sér skoðanir á hvernig skyldi bera þjóðbúninga og ræddu afstöðu sína. Þær skoðanir voru allt frá því að ekki megi breyta búningunum neitt, yfir í að nánast allar breytingar séu leyfilegar. Greina mátti lík viðhorf innan ákveðinna hópa, til dæmis eftir aldri, atvinnu og fjölskyldumynstri. Hér á eftir verða viðmælendur mínir kynntir hver fyrir sig en í næsta kafla verða viðtölin og viðhorfin sem í þeim birtast greind með tilliti til þeirra hugtaka sem fjallað var um í þriðja kafla.

### **Atli Freyr**

Atli Freyr Hjaltason er fæddur árið 1999 og er á lokaári sínu í þjóðfræði í Háskóla Íslands. Hann er virkur meðlimur í *Þjóðdansafélagi Reykjavíkur* og hefur verið síðan hann var fjögurra ára. Þar kennir hann þjóðdansa og sýnir einnig með félaginu bæði hér á landi og víðs vegar um Norðurlöndin. Þegar Atli sýnir dansa með félaginu klæðist hann þjóðbúningi karla þar sem allir meðlimir klæðast þjóðbúningum á sýningum. Atli hefur með árunum myndað sér skoðanir um þjóðbúning karla og notar hann öðruvísi en margir, en til að mynda fara oft ungir félagar í Þjóðdansafélaginu út að borða í búningunum sínum eftir sýningar eða kíkja jafnvel á bari, þó að ekki megi hann breyta útliti búningsins. Viðtalið fór fram í Lögbergi við Háskóla Íslands 3. nóvember 2019 (AKU1\_2019).

### **Oddný**

Oddný Kristjánsdóttir er fædd árið 1963. Hún á og rekur saumastofuna *Þjóðbúningastofan* (einnig þekkt sem *Sjö í höggi*) sem sérhæfir sig í þjóðbúningasaumi, en kennir jafnframt þjóðbúningasaum í *Heimilisiðnaðarskólanum* og hefur gert síðan 1994. Oddný er menntaður klæðskerameistari og lærði þjóðbúningasaum hjá Vilborgu Guðjónsdóttur Stephensen í *Heimilisiðnaðarfélaginu* og tók seinna við starfi Vilborgar. Oddný, eins og Atli Freyr, notar þjóðbúninga öðruvísi en margir aðrir þar sem hún vinnur

við þjóðbúningasaum og kynnir oft starfið í *Heimilisiðnaðarfélaginu* á þjóðbúning. Ég heimsótti Oddnýju í vinnuna 13. nóvember 2019 þar sem við spjölluðum saman og hún sýndi mér meðal annars Heimilisiðnaðarskólann AKU2\_2019).

### **Elsa**

Elsa Herjolfsdóttir Skogland er fædd árið 1971. Hún er fædd á Ísafirði, alin upp í Reykjavík og á rætur að rekja til Noregs en faðir hennar er þaðan. Elsa var ein af þeim sem svaraði kalli mínu á facebook eftir konum á miðjum aldri sem eiga og nota þjóðbúninga. Hún á sjálf faldbúning sem hún saumaði hjá Heimilisiðnaðarfélaginu undir handleiðslu Oddnýjar og Hildar, þáverandi samstarfskonu Oddnýjar sem síðar verður kynnt til leiks. Á sama tíma saumaði hún einnig faldbúning á eldri dóttur sína sem hún bar í fermingunni sinni. Elsa er kennari og þjóðfræðingur að mennt. Viðtalið fór fram á heimili Elsu föstudaginn 17. janúar 2020 þar sem hún sýndi mér meðal annars myndir úr fermingu dóttur sinnar þar sem þær voru á þjóðbúningum og einnig þá búninga sem til eru á heimilinu (AKU3\_2020).

### **Una**

Una Mathiesen Nikulásdóttir er fædd 1985. Una er snyrti- og naglafræðingur og vinnur við það en er einnig menntuð sem viðurkenndur bókari. Hún er fædd og uppalin í Hafnarfirði og sótti sitt þjóðbúninganám í heimabænum, til Hildar í Annríki þar sem Una saumaði 19. aldar upphlut og faldbúning á sig og tvo barnaupphluti á dætur sínar. Áhugann á þjóðbúningum fékk Una eftir að hún fór á kynningu hjá Annríki árið 2011 og hóf sitt nám þar stuttu seinna. Una leggur sig fram um að nota búninginn sem mest og klæðir einnig yngstu dóttur sína í barnabúning þegar tækifæri gefst. Una er önnur þeirra yngri kvenna sem hafði samband við mig eftir að ég auglýsti eftir konum á miðjum aldri á facebook hópnum *Þjóðbúningaáhugafólk* þó að leitast hefði verið eftir eldri viðmælendum. Viðtalið fór fram á heimili hennar í Reykjavík 20. janúar 2020 (AKU4\_2020).

### **Ingibjörg**

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir er fædd árið 2003. Hún stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík á náttúrufræðibraut. Ingibjörg saumaði sér 20. aldar upphlut fyrir um ári undir

handleiðslu frænku sinnar. Ingibjörg fermdist í 20. aldar upphlut sem hún hafði fengið að láni frá móðursystur sinni og ákvað þá að sauma sinn eigin búning, sem hún og gerði með hjálp ömmu sinnar. Hún hafði samband við mig í gegnum facebook eftir að hún sá færsluna mína í hópnum *Þjóðbúningaáhugafólk*. Hún gaf sig fram vegna þess að hún notar þjóðbúninginn öðruvísi en flestir, þ.e. hún notar oft 20. aldar upphlutinn sinn við buxur, en ekki pils eins og flestir gera. Þetta vakti áhuga minn og við mæltum okkur mót á Bókasafni Kópavogs þann 22. janúar 2020 (AKU5\_2020).

### **Hildisif**

Hildisif Björgvinsdóttir er fædd árið 1960, fædd og uppalin á Akranesi og í Kópavogi en býr nú í Hafnarfirði og vinnur sem aðalbókari á verkfræðistofu í Reykjavík. Hildisif, líkt og Una saumaði sér 19. aldar upphlut undir handleiðslu Hildar í Annríki. Áhugi hennar á þjóðbúningum kemur til vegna ömmu hennar, en hún mætti ævinlega í matarboð hjá fjölskyldu Hildisifjar í 20. aldar upphlut eða 20. aldar peysufötum þegar Hildisif var ung. Síðan þá hefur hún haft áhuga á þjóðbúningum og réðst loks í að sauma sér búning sjálf árið 2013 og varð 19. aldar upphlutur fyrir valinu vegna litadýrðarinnar í honum. Hildisif heimsótti mig í íbúð mína á stúdentagörðunum 23. janúar 2020 þar sem við spjölluðum saman um búningana og viðhorf hennar til notkunar hans, en Hildisif hafði skýrar hugmyndir um þau málefni (AKU6-2020).

### **Hildur**

Guðrún Hildur Rosenkjær, yfirleitt kölluð Hildur, er fædd árið 1962. Hún er menntaður klæðskeri, kjólameistari og sagnfræðingur. Hún rekur ásamt manni sínum Ásmundi Kristjánssyni fyrirtækið *Annríki – þjóðbúningar og skart* í Hafnarfirði, en þau sauma þjóðbúninga og smíða skart í þá en eru einnig með safn og sinna fræðslu um búningana ásamt því að halda námskeið í þjóðbúningasaum. Hildur, eins og Oddný, lærði hjá Vilborgu Stephensen og tók seinna við af henni og kenndi við *Heimilisiðnaðarskólann* í nokkur ár þar á eftir, en stofnaði fyrirtæki sitt árið 2011. Hildur eignaðist sinn fyrsta þjóðbúning, barnaupphlut þegar hún var um sex ára og hefur frá því alltaf haft áhuga á þjóðbúningum. Rétt eins og Oddný og Atli notar Hildur búningana sína öðruvísi en margir þar sem hún notar þá oft á kynningum og er umvafin þjóðbúningum í vinnu sinni. Ég heimsótti Hildi í

vinnu sína í Annríki 24. janúar 2020 þar sem hún sýndi mér þjóðbúningasafn sitt að viðtali loknu (AKU7\_2020).

Þegar búið var að taka öll viðtöl sem þurfti fyrir þessa rannsókn var vinnan aðeins hálfnuð, því þá voru öll viðtölin skrifuð upp í tölvu og síðan skoðuð út frá þeim hugtökum. Leitast var við að finna þemu í viðtölunum sem síðar voru greind með hjálp þeirra fræðilegu hugtaka sem kynnt verða í næsta, en vinna þeirrar greiningar verður kynnt í fimmta kafla þessarar ritgerðar.



### 3 Hugtök og kenningar

Í þessum kafla verður gert grein fyrir helstu hugtökum sem notuð verða til greiningar á þeim viðtölum sem tekin voru við gerð þessarar ritgerðar í fimmta kafla. Hugtök eins og hópar, menningararfur og menningarlegt forræði eru í forgrunni en einnig verður fjallað um tísku og hugtakið þjóðbúningur.

#### 3.1 Tíska og þjóðbúningar

Flestir þekkja orðið tíska og hafa sínar hugmyndir um hvað það felur í sér. Samkvæmt skilgreiningu Gertrud Lehnert í bókinni *Tíska: Sögulegt ágríp* (2000) er tíska nútímans samofin kapítalismanum og þróaðist með eflingu borgarstéttarinnar og iðnbyltingunni í Evrópu á 19. öld. Tískan tengist þeim fagurfræðilegum kröfum, einstaklingseðli, einstaklingsfrelsi og einstaklingshyggju sem samofin er nútíma samfélagi. Tískan er breytileg og ýtir undir að einstaklingar geti tjáð sig með fatnaði. Eitt mikilvægasta einkenni tískunnar er túlkun einstaklinga á eigin persónuleika í gegnum fatnað, skemmtunin við að breyta ytra útliti sínu og spennan við að gera eitthvað nýtt (Lehnert, 2000: 10-11). Í samtímanum er tískan óneitanlega partur af daglegu lífi fólks, jafnvel þeir sem segjast afneita tískunni eru háðir henni, þeir sem eru „tísku-andstæðingar“ taka alltaf mið af tísku síns tíma til að geta verið á móti henni. Í dag geta neytendur einnig valið úr fjölda afbrigða tískunnar, þar sem ekki eru lengur til skrifaðar reglugerðir um fatnað og enginn er tilneyddur til að klæða sig upp vegna reglugerða eins og tíðkaðist sums staðar erlendis, þó að samfélagsleg viðmið eigi enn við. Til dæmis er enn samfélagslega samþykkt að fara eigi í fínni föt í leikhús og út að borða heldur en í matvörubúð (Lehnert, 2000: 8-9), en ekki eru mörg ár síðan íslenskar konur klæddu sig upp í þjóðbúning til hátíðarbrigða en í dag er það fátítt.

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (e.d.) þýðir orðið þjóðbúningur „(hefðbundinn) búningur, notaður sem auðkennandi klæðnaður í e-u landi eða landshluta“. Hugtakið búningur er náskyldt orðinu þjóðbúningur en þjóðbúningur verður þá til þess að aðgreina þjóðir og sameina þjóðina sem hóp þar sem þau sameinast í klæðnaðinum, en nánar verður fjallað um þjóðbúninga sem sameiningartákn í kafla fjórða kafla. Samkvæmt Gertrud Lehnert í bókinni *Tíska* eru þjóðbúningar ekki ætlaðir til að sýna sjálfstæðan persónuleika einstaklinga heldur er hann til að sýna hlutdeild fólks í ákveðnum hópi (Lehnert, 2000: 10-11). Af þessum útskýringum má ætla að þjóðbúningar geti ekki fylgt

tísku eða stílum, að þeir séu fastir í tíma og geti ekki breyst eftir að þeir hafi hlotið þá nafnbót að verða að þjóðbúningum. Margir eru þó ósammála þessu og vilja meina að þjóðbúningar geti verið samkvæmt tísku samtímans enn á sama tíma þjónað sínu hlutverki sem sameiningartákn þjóðarinnar eins og kom fram í sumum viðtölum sem tekin voru við gerð þessarar ritgerðar. Einn viðmælandi minn, Ingibjörg, notar til að mynda buxur við 20. aldar upphlut á ýmsum merkisdögum í sínu lífi, til dæmis við fermingu yngri systur sinnar (AKU5\_2020). Hún og fleiri neita þess vegna að fylgja þeim „reglum“ sem margir telja að gildi um þjóðbúningana. Þær reglur snúa helst að útliti búningana, hvernig efni skuli nota í þá, hvort nauðsynlegt sé að nota höfuðfat við búningana eða hvort leyfilegt sé að nota parta af búningunum, t.d. aðeins upphlut án pils eins og Ingibjörg gerir.

Þessum reglum er til að mynda miðlað á vefsíðum sérfræðinga, en þær má rekja til rannsókna og umfjallana sérfræðinga á sviði þjóðbúninga. Helstu vefsíður sem miðla þessum upplýsingum eru buningurinn.is, vefsíða Þjóðbúningaráðs og annriki.is, heimasíða Annríki – þjóðbúningar og skart. En ef litið er á þá vefi segir þar aldrei beint að til séu reglur um þjóðbúningana sem verði að fylgja til hins ýtrasta. Meðal annars segir um 20. aldar upphlut: „Nútímaupphlutur er oftast saumaður úr ullarefni, skyrta höfð ljós, og svunta köflótt eða langröndótt og grunn húfa þrjúnuð úr fínu, svörtu ullarbandi“ (*Íslenskir þjóðbúningar*). Á mynd sem fylgir með á vefsíðunni (sjá mynd 4) eru tvær konur á upphlutum, önnur í hvíttri skyrta með langröndóttu svuntu en hin í svartri skyrta með svartu svuntu án nokkurs munsturs.

Ef textinn á þessari vefsíðu er hinn eini rétti og litið sé á hann sem reglur um 20. aldar upphlutinn, er þá Þjóðbúningaráð að brjóta sínar eigin reglur á sömu vefsíðu með myndinni þar sem textinn segir ekkert um að skyrta eða svunta geti verið svört. Það er ólíklegt og þess vegna tel ég að ekki sé hægt að líta á þessar upplýsingar sem fastar reglur heldur frekar sem leiðbeiningar fyrir þá sem þekkja t.d. ekki muninn á útliti upphluts og peysufata. Vegna þessa finnst mér líklegast að ætlan Þjóðbúningaráðs sé að setja fram leiðbeiningar um útlit þjóðbúninga en ekki reglur. Hins vegar séu margir sem líta á þessar leiðbeiningar sem reglur. Í fimmta kafla þessarar ritgerðar verða þessar hugmyndir kynntar frekar ásamt skoðunum viðmælanda minna á breyttum og óbreyttum búningnum og hvað sérfræðingum um þjóðbúninga finnst um breytta búninga.

### 3.2 Hópar

Allt fólk tilheyrir einhvers konar hópi, hvort sem það er fjölskylda, þjóð eða saumaklúbbur en á sama tíma getur manneskjan einnig verið hluti af mörgum hópum í einu. Þjóðfræðingurinn Alan Dundes (1934-2005) skilgreinir hóp sem tvo eða fleiri einstaklinga sem eiga einhvern einn hlut sameiginlegan, t.d. vinnu, tungumál eða trú. Hópar geti verið mismunandi að stærð og oft þekkjast ekki allir meðlimir hópsins, en þau kunna eða vita öll um þær hefðir (e. *traditions*) sem einkenna hópinn, svo sem tal og hegðun (Dundes, 1980: 6). Hópar geta myndast við alls konar tilefni, t.d. er fjölskyldan fyrsti hópurinn sem flestir verða hluti af. Í gegnum fjölskylduna lærum við trú, lífsgildi og siði en einnig ýmislegt sem er einungis innan fjölskyldunnar eins og einkahúmor (Sims & Stephens, 2005: 39). Eftir því sem einstaklingurinn fullorðnast og þroskast bætast fleiri hópar við og hafa áhrif á einstaklinginn, t.d. skólafélagar, vinir utan fjölskyldunnar, vinnufélagar og fleiri. En ásamt fjölskyldunni fæðumst við einnig inn í annan hóp, þjóðina. Þó að ungabörn taki ekki endilega eftir því að þau séu hluti af einhverri þjóð þá erum við það öll og skilgreinum okkur út frá því hvaðan við erum, þjóðarímyndin mótar flesta að einhverju leyti og sem hluti af þjóð eigum við ýmislegt saman, til að mynda þjóðlög, náttúruna og þjóðbúninga.

Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein segir í grein sinni „Menningararfur: sagan í neytendaumbúðum“ (2006) að hægt sé að ræða um tvo hópa sem tengjast þjóðbúningum. Annars vegar nútímafólkið erfingjana sem erfa eitthvað gamalt og standa fyrir utan búninginn og hins vegar fólkið sem er arfurinn þegar það klæðist búningnum, þau eru fulltrúar þess gamla. Erfingjarnir eru þeir sem klæðast ekki endilega búningunum, en vita af þeim, sjá aðra klæðast þeim og eru meðvituð um að þetta er menningararfur Íslendinga. Það fólk sem klæðist búningunum verður þess vegna að arfinum eins og Valdimar Tr. Hafstein kemst að orði. Búningurinn sem fólkið klæðist er menningararfur og fólkinu sem klæðist menningararfinum ber þess vegna skylda til, samkvæmt erfingjunum, að fara vel með menningararfinn og sýna honum virðingu með „réttri framkomu“. Þjóðbúningar eru tákn erfingjana um fortíðina og notaðir um leið til að tengja fortíðina við samtímann. (Valdimar Tr. Hafstein, 2006: 322).

Til að útskýra þetta nánar er hægt að líta á hátíðarhöldin í Reykjavík á 17. júní. Við það tækifæri eru margir sem klæða sig upp á og nota þjóðbúninga sína og fjölmenna í miðbæinn. Þá má sjá stóran hóp fólks, allt klætt í þjóðbúninga og fjallkonuna á sviði, einnig

í þjóðbúning. Þetta er fullkomið tækifæri fyrir erfingjana að sjá og njóta búninganna, en á sama tíma er auðveldlega hægt að sjá ef einhver úr arfinum klæðist búningnum öðruvísi eða „rangt“ miðað við þær reglur sem erfingjarnir höfðu sett sér út frá tillögum sérfræðinga.

Árið 2004 þegar Þjóðminjasafnið var opnað á ný klæddist þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnlaugsdóttir, upphlut við opnunina sem var sjónvarpað beint á RÚV. Mörgum blöskraði við þá sýn sem við þeim blasti á sjónvarpsskjánum þegar þau sáu ráðherrann, því hún var ekki (að áliti sumra) í búningnum rétt, hún bar ekki skotthúfu og innan undir upphlutnum var hún í þröngum hvítum bol en ekki skyrtu eins og oftast er (Valdimar Tr. Hafstein, 2006: 319). Þetta fór vægast sagt fyrir brjóstið á fjölda fólks og meðal annars birtist pistill í *Morgunblaðinu* skömmu eftir þar sem pistlahöfundur sagði að fulltrúi þjóðarinnar ætti „ekki að vera í skrípautgáfu af þjóðbúningnum“ (Anna María Gestsdóttir, 2004: 21). Hér er Anna María hluti af erfingjunum og hefur sínar skoðanir um hvernig arfur hennar skuli notaður. Pistill hennar endurspeglar þær hugmyndir sem voru við lýði á þessum tíma um „réttu“ notkun þjóðbúninga og þá virðingu sem bera ætti til þeirra. Einnig kemur skýrt fram í grein hennar að „fulltrúi þjóðarinnar“ ætti ekki að vera í svona skrípautgáfu af búningnum.

Þarna spilar inn í sú staða sem einstaklingurinn sem klæddist þjóðbúningnum gegndi. Hún var menntamálaráðherra, opinber manneskja í vinnu fyrir þjóðina. Mögulega hefði ekki verið gert svona mikið veður út af þessu ef hún hefði verið „venjuleg kona út í bæ“, en þar sem hún var í hlutverki opinberrar persónu þjuggust margir við ákveðinni hegðun, sem í þessu tilfelli fólst í notkun „réttu“ þjóðbúnings. Af skrifum Önnu Maríu virðist hún og þeir sem voru sammála henni vilja að virðing sé borin fyrir þjóðbúningnum með því að bera hann „rétt“, annars sé hann skrípautgáfa og henti ekki til nokkurs konar formlegra athafna, eins og opnun Þjóðminjasafnsins.

Í stuttu máli má sjá tvo hópa sem tengjast þjóðbúningum, annars vegar erfingja sem eru allir landsmenn. Erfingjarnir erfa menningararfinn með allri þjóðinni og hafa margir sínar skoðanir á hvernig eigi að nota hann. Á hinn bóginn er það arfurinn, sem getur einnig kallast þjóðbúningasamfélagið. Þjóðbúningasamfélagið er það fólk sem á, notar eða vinnur með þjóðbúninga og hafa þess vegna oft aðra sín en erfingjarnir á notkun búningana. En eru þá allir í þjóðbúningasamfélaginu sammála um hvort megi breyta

búningunum eða ekki? Nánar verður farið yfir þá spurningu í fimmta kafla, en þar verður einnig sýnt fram á hvernig fólk getur tilheyrt báðum hópum í einu.

### 3.3 Menningararfur

„Með því að skoða hluti, atferli og tjáningu undir merkjum menningararfs er þeim stillt upp sem sínum eigin táknmyndum, sem ímyndum sjálfs sín. Þannig fá þau framlengingu á tilveru sinni sem arfur, þ.e. sem fulltrúar fortíðarinnar í samtímanum“ (Valdimar Tr. Hafstein, 2006: 315) Svona lýsir þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein menningararfi í grein sinni „Menningararfur: sagan í neytendaumbúðum“ árið 2006, en þar segir hann enn fremur að sú hugmynd að eiga menningararf sýni að við séum nútímafólk, því menningararfurinn býr ævinlega til skil milli nútímans og fortíðarinnar sem við setjum á svið og þurfum að varðveita. Þegar nútímafólkið glímir, kveður rímur eða klæðist þjóðbúning með það að markmiði að varðveita mikilvægan menningararf, myndast ákveðin gjá eða firring milli hins „meðvitaða erfingja“ eins og Valdimar orðar það og fyrri kynslóða sem iðkuðu þennan sama menningararf undir öðrum kringumstæðum; þau hreyfðu sig í glímunni og skemmtu sér með rímnakveðskap án þess að hugsa endilega of mikið út í það, annað en nútímafólk samtímans sem stundar sömu hluti undir merkjum menningararfs og er mjög meðvitað um stöðu hans og uppruna (Valdimar Tr. Hafstein, 2006: 315).

En hvað gerist þegar hlutir sem eitt sinn voru hversdagslegir verða að menningararfi? Ólafur Rastrick, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað menningararf og segir menningararf og frystingu hans verða til þegar ógn steðjar að hlutum eða athöfnum, þá sé stokkið til og reynt að verja menningararfinn frá breytingum. Hann er frystur í þeirri mynd sem sérfræðingar tefla fram, hann er óhaganlegur. Fram að því hafi menningararfurinn verið eitthvað sem fylgdi samfélögum, án þess að teljast sem menningararfur. Þegar ógn steðjar að, til að mynda breytingar, stíga gjarnan fram sérfræðingar eða áhugamenn um þessa hluti, til að „bjarga“ þeim og hampa sem mikilvægum. Þá verði hann að menningararfi sem er síðan gjarnan frystur í ákveðinni mynd. Við þessa nafnbót fer menningararfurinn úr lifandi fyrirbrigði sem átti hlut í hversdegi samfélaga yfir í eitthvað sem ekki má haggja og varðveita beri í sinni upprunalegu mynd (Ólafur Rastrick, 2017, mín. 43-45).

En hvað getur þá talist menningararfur? Það virðist fara algerlega eftir orðræðunni í samfélaginu þar sem t.d. glíma, torfbæir og rímnakveðskapur teljast sem menningararfur, enda eitthvað sem margir Íslendingar líta á sem þjóðlega íslenska hluti. En eins og Valdimar Hafstein (2006) bendir á í áður nefndri grein sinni, þá hafa ólíklegustu hlutir verið teknir sem dæmi um ómetanlegan menningararf. Þannig gefur hann dæmi af því að litið sé á skák sem mikilvægan menningararf, þar sem víkingar og fleiri kynslóðir hafi stytst sér stundir með skák, en einnig tekur hann dæmi um íslenska fjárhundinn, verk Halldórs Laxness, gamlan íslenskan útsaum, jarðarbyggðir í Árneshreppi og gamlar fiskvinnslu hefðir sem fólk álitur verðmætan íslenskan menningararf (313). Þessi dæmi eru ólík og fjölbreytt, sem sýnir hversu víðtækt hugtak menningararfur er í raun.

Þjóðbúningar falla vel undir hugtakið menningararfur, þar sem þeir hafa verið hversdagsklæðnaður kvenna fyrr á öldum en eru í dag tákni þjóðernis og gamla tímans í hugum flestra. Ef fylgt er þankagangi Valdimars þá er hægt að segja að þjóðbúningarnir séu í dag orðnir að tákmynd sjálfs sín, eftir að hversdagsleg notkun þeirra minnkaði á 19. öldinni og menntamenn eins og Sigurður málari tóku sig til og gerðu fatnaðinn að þjóðbúningum og menningararfi. Nánar verður fjallað um sögu þjóðbúninga og þátt Sigurðar málara í þróun búninganna í fjórða kafla.

Búningarnir urðu meir en gamall hversdagsfatnaður, þeir voru menningararfur sem þurfti að varðveita og „frysta“ til að búningarnir hyrfu ekki eða blönduðust „dönskum búningum“. Rúmlega hundrað árum seinna komu þessar hugmyndir aftur fram frá Alþingi þegar Þjóðbúningaráð var stofnað til að varðveita og miðla þekkingu á þjóðbúningum, en einnig til að Íslendingar myndu nota búningana rétt. Þjóðbúningaráð heldur úti vefsíðunni [buningurinn.is](http://buningurinn.is) en þar má sjá upplýsingar og myndir um þjóðbúninga, en því má halda fram að slíkar opinberar leiðbeiningar hafi stuðlað að því að „frysta“ tiltekið útlit þjóðbúninga, en margir landsmenn taka þeim upplýsingum sem reglum og vilja alls ekki að útliti búningana sé breytt frá þeirri mynd sem [buningurinn.is](http://buningurinn.is) segir til um.

### **3.4 Menningarlegt forræði**

Menningarlegt forræði (e. *cultural hegemony*) er hugtak sem Ítalinn Antonio Gramsci (1891-1937) setti fram í minnisbókum sínum þar sem hann fjallar meðal annars um menntamenn/ráðamenn, en Gramsci sat þá í fangelsi. Hann var kommúnisti og var fangelsaður af ítölsku fasistastjórninni árið 1926, rétt áður en hann átti að setjast á þing

fyrir hönd kommúnista flokksins (Steinar Örn Atlason, 2009: 142). Í fangelsinu skrifaði hann niður hugmyndir sínar í minnisbækur sem voru seinna gefnar út og í þeim er að finna hugmyndir hans um menningarlegt forræði sem hér verður fjallað um. Gramsci setti fram þá kenningu að fjöldinn (almenningur) samþykkti ósjálfrátt þá almennu leið sem ráðamenn velja, það samþykki sé vegna sögulegrar virðingar og trausts sem ráðandi hópur nýtur vegna stöðu sinnar. Ráðamenn, samkvæmt Gramsci, eru þeir menn sem standa hærra en aðrir í samfélaginu, annað hvort vegna menntunar, atvinnu eða jafnvel ætternis (Gramsci, 2009: 149).

Hugtak Gramscis má heimfæra upp á samtímann þar sem ákveðnir aðilar geta í krafti þekkingar sinnar og stöðu lagt línurnar í menningarefnum. Dæmi um þetta í þjóðbúningasamfélaginu eru meðal annars *Þjóðbúningaráð*, *Heimilisiðnaðarfélagið* og *Annríki*, en í öllum þessum félögum/fyrirtækjum vinna sérfræðingar að varðveislu og fræðslu um íslenska þjóðbúninga. Þar sem þau eru öll sérfræðingar í þessu viðfangsefni njóta þau einnig mikillar virðingar í þjóðbúningasamfélaginu. Margir leita til þeirra með það markmið að afla sér upplýsinga og leita ráða. Þar af leiðandi eru sérfræðingarnir settir í hlutverk ráðamanna í þjóðbúningasamfélaginu; þeir vita mest og vegna þess vill almenningur gjarnan að ráðamennirnir setji reglur í ljósi sérþekkingar sinnar.

Vegna sérstöðu sérfræðinga og vitneskju um þjóðbúninga samþykkir almenningur ósjálfrátt að fara eftir þeirri leið sem ráðamennirnir setja fram, t.d. á vefsíðum sínum. Ef einhver brýtur gegn þessu samþykki er það oft almenningur sem vill sjá til þess að þær „reglur“ sem sérfræðingarnir hafa sett fram séu virtar, sbr. pistil Önnu Maríu Gestsdóttur í *Morgunblaðinu* sem vitnað var í hér að framan (Anna María Gestsdóttir, 2004: 21). Hér er Anna María hluti af almenningnum, þar sem ekki kom fram í grein hennar að hún væri sérfræðingur á sviði þjóðbúninga. Hægt er að líta á skoðanir hennar sem dæmi um skoðanir almennings sem samþykkti þær „reglur“ sem sérfræðingarnir höfðu sett fram og létu menntamálaráðherra og þjóðina vita að búningur ráðherrans árið 2004 samræmdist ekki viðteknum reglum. Þetta á samt auðvitað ekki aðeins við um hinn almenna borgara heldur eru til dæmi um að sérfræðingarnir, hér í hlutverki ráðamanna Gramsci, fari stíft eftir þeim reglum eða viðmiðum sem samþykkt hafa verið um búningana.

Hér hefur verið sýnt fram á hvernig arfur og erfingjar, menningararfur og menningarlegt forræði tengjast „reglum“ um þjóðbúninga en í fimmta kafla verða

hugtökin sett í samhengi við viðhorf viðmælanda minna og þau notuð til greiningar á viðtölunum.



## 4 Saga og þróun fatnaðar á Íslandi

Íslendingar hafa í gegnum tíðina þurft að klæða sig eftir veðri og vindum, óháð kyni. Helstu heimildir um fatnað fyrstu landnema Íslands er að finna í ritheimildum og fornleifum, en því miður hefur ekki mikið varðveist af klæðunum sjálfum þar sem föt varðveitast oftast illa í jarðvegi. Fornleifafræðingar hafa þó fundið dæmi sem sýna að konur hafa klæðst síðum kyrtlum úr ull eða líni með skykkju sem var fest yfir kyrtlinn með tveimur kúptum nælum. Einnig hefur fundist skart í kumlum eins og litríkar perlur sem karlar virðast einnig hafa notað. Ekki voru þó allir klæddir eins heldur fór það eftir aldri, stöðu og ríkidæmi þó að ákveðin tíska hafi verið við lýði á hverjum tíma. (Steinunn J. Kristjánsdóttir: 2007).

Árið 1938 fundust líkamsleifar konu frá landnámsöld ásamt tveimur kúptum nælum og efnisbút. Leifarnar voru settar í formalín til varðveislu og geymdar í hirslum Þjóðminjasafns Íslands fram á 21. öldina en þá var ný tækni komin fram sem gerði kleift að rannsaka gripina betur. Kom þá í ljós að textílúturinn og líkamsleifarnar (neðri kjálki og tennur) höfðu varðveist eins vel og raun bar vitni vegna koparsins í nælunum. Vegna þess er textílúturinn einstakur gripur. Þegar hann var rannsakaður kom í ljós að undirkjöll konunnar hafði verið úr hör en konan hafði einnig klæðst svuntu (eða skokk) úr ull sem var skreytt að ofan með spjaldofnum borða. Svuntan virðist hafa verið blá en það mun hafa verið algengur litur í fatavali kvenna á þessum tíma, segja fornleifafræðingar (Michéle Hayeur Smith, 2015, 31-33).

Fatnaður kvenna hefur þróast mikið frá landnámsöld, en ekki verður farið nánar út í þá þróun hér heldur næst drepíð niður á 18. öld þegar margir ferðamenn komu til Íslands og gáfu út ferðasögur sínar í bókum. Í mörgum þeirra er fatnaði landsmanna lýst og flestir höfðu skoðun á því sem þeir sáu. Ferðabækur frá þessum tíma eru mikilvægar heimildir um Ísland og íslenska menningu og þjóð, þar sem ferðamenn tóku eftir ýmsu sem Íslendingum þótti eðlilegur hlutur og voru þess vegna ekki að skrifa um fyrr en mun seinna þegar menn eins og Jónas frá Hrafnagili (1934) hófu að skrifa um Íslenskan hversdagsleika. Þessi rit eru þó auðvitað ekki gallalaus, þar sem þau sýna aðeins takmarkað sjónarhorn á íslenskan fatnað. Þar sem flestir ferðamenn sem komu til landsins á þessum árum voru úr efri stéttum samfélagsins frá Evrópu og stöku ferðamenn frá Ameríku, höfðu þeir þar með allt annað sjónarhorn á íslenska alþýðu en alþýðan sjálf, sem var annars konar en það sem ferðamennirnir áttu að venjast heima fyrir.

Árið 1749 var maður að nafni Niels Horrebow sendur til Íslands af dönsku ríkisstjórninni til að rannsaka landið. Hann eyddi tveimur árum hér á landi og skrifaði seinna

bók um dvölinu sem kom út 1752. Rannsókn Horrebows snerist m.a. um að sýna fram á að mikið af því sem hafði verið skrifað um Ísland í bók Johann Anderson (bæjarstjóra í Hamborg, Þýskalandi) nokkrum árum áður væri ósatt og oft hreint bull (Horrebow, 1966: bókarkápa). Í Íslandslýsingu Johanns Andersons frá árinu 1747 segir meðal annars að ógiftar stúlkur beri fald sem sé festur með silkiklút að neðan svo að hægt sé að greina þær frá þeim giftu (Anderson, 2013, 176). Horrebow leiðréttir þetta í sinni bók og segir að allar fullorðnar konur beri fald og klút, hvort sem þær séu ógiftar eða ekki. Yngri stúlkur noti hins vegar húfu en taki upp þennan höfuðbúnað þegar þær fullorðnast. Horrebow lýsir fatnaði kvenna mjög ítarlega og vel og fremur hlutlaust, en segir þó að „... allur er búningurinn fagur á að líta“ (Horrebow, 1966: 209-213).

Annar ferðalangur, Henry Holland sem var hér á landi sumarið 1810 virðist vera sammála Horrebow að flestu leyti, en ekki endilega um ágæti faldsins. Holland var í heimsókn í Viðey hjá Ólafi Stephensen stiftamtmani þegar frænka Ólafs kom til þeirra klædd faldbúning. Ferðalangurinn segist hafa dáðst að búningnum lengi áður en stúlkan hvarf á brott, en segir að faldurinn líkist þó „fíflhúfu enskra skólasveina“ (Holland, 1960: 46) án þess að útskýra það nánar. Seinna segir hann að biskupsfrúin Sigríður Halldórsdóttir hafi sýnt þeim margskonar íslenska búninga sem voru notaðir við ýmisleg tilefni, en lýsir þeim ekki. Um kvöldið var haldinn dansleikur þar sem Holland segist hafa vonast til að sjá konur klæddar í íslenska búninga en hafi orðið mjög vonsvikinn þegar aðeins þrjár konur komu klæddar slíkum búningum, „með skaut á höfði, upphlut og silfurskraut o.s.frv.“ Aðrar konur hafi verið klæddar eins og millistétt kvenna í Englandi og segir að endingu að allt samkvæmið hafi verið eins og enskt sveitaball (Holland, 1960: 60-61).

Samkvæmt ferðamanninum J. Ross Browne sem ferðaðist til Íslands árið 1862 klæddust íslenskar konur gjarnan upphlut og báru skotthúfu. Browne nefnir að búningur kvenna hafi áður verið einstaklega fallegur (hér er hann líklegast að vísa til faldbúningsins) en segir enn fremur að fatnaður íslenskra samtímakvenna hans sé nú mótaður af áhrifum erlendra tísku (Browne, 1976: 116-117).

Með því að bera saman ummæli þessara þriggja ferðamanna má áætla að búningurinn hafi verið á undanhaldi vegna erlendra áhrifa en einnig að búningurinn hafi breyst, eins og Browne segir frá. Fleiri kenningar hafa verið settar fram um hvers vegna notkun á íslenska búningnum fór minnkandi og hvers vegna búningurinn sjálfur hafi breyst. Til að mynda hefur Sigrún Helgadóttir haldið því fram að með Skaftáreldunum 1783-1784 og

þeirri eitruðu móðu sem fylgdi, kuldatíðinni og farsóttunum sem komu seinna meir og dró stóran hluta þjóðarinnar til dauða hafi búningurinn breyst mikið, bæði hafi efni orðið af skorum skammti og þá hafi þurft að einfalda búninginn og hætta að nota allt það silfur sem honum fylgdi (Sigrún Helgadóttir, 2013: 98-99). Hér talar Sigrún sérstaklega um faldbúninginn og silfrið sem notað var við hann, en konur höfðu einnig notað peysuföt og upphlut á þessum tíma, hversdags.

En hver sem ástæðan hefur verið, þá fór notkun faldbúningsins að minnka á 19. öld, eða þangað til að maður að nafni Sigurður Guðmundsson, einnig þekktur sem Sigurður málari, sneri heim til Íslands eftir nám í Kaupmannahöfn árið 1858. Hann skrifaði meðal annars mikla ritgerð sem bar nafnið „Um kvennbúninga á Íslandi að fornu og nýju“ sem var birt árið 1857 í *Nýjum félagsritum*, meðan hann var enn í námi. Í þeirri ritgerð skrifaði Sigurður hispurslaust um íslensku búningana og vandaði þeim ekki kveðjurnar, þá sérstaklega faldbúningnum gamla sem var við það að hverfa. Í lokakafla ritgerðarinnar gerði Sigurður þó tillögur um hvernig mætti breyta og bæta gamla búninginn til að íslenskar konur myndu frekar vilja klæðast honum heldur en þeim erlenda klæðnaði sem varð sífellt vinsælli hér á landi.

Sigurður tók sig þá til með hjálp góðra kvenna og hannaði tvo nýja búninga á næstu árum, skautbúninginn og kyrtillinn. Hönnun skautbúningsins var tilbúin árið 1859 en það ár notuðu tvær konur þannig búning við brúðkaup og altarisgöngu. Kyrtillinn var fyrst notaður árið 1870 og þá sem dansbúningur, enda var hann léttari en skautbúningurinn. Seinna meir var hann fyrst og fremst notaður sem fermingaklæðnaður stúlkna (Elsa E. Guðjónsson, 2006: 8-10). Sigurður var haldinn mikilli fortíðarþrá og leit sérstaklega aftur til víkingaaldarinnar og í kveðskap miðalda. Í ritgerð sinni í *Nýjum félagsritum* horfir hann með söknuði til fortíðar og spyr: „[...] hvað hefir oss nú hlotnast í stað hinna gömlu þjóðlegu og fögru búninga? – Fyrir hinn þjóðlega fald, sem Freyja sjálf bar, eptir því sem hin gömlu kvæði vor kenna oss, höfum vér fengið hatta, sem í sniði varla líkjast neinu, sem konur hafa borið fyr eða síðar [...]“ (Sigurður Guðmundsson, 1857: 32). Á hans tíma voru konur farnar að blanda saman íslenskum og dönskum fatnaði og varð úr því eitthvað „ósamkynja og athlægilegt“ (38) eins og Sigurður orðaði það.

Ásamt því að búa til tvo nýja þjóðbúninga lagði Sigurður einnig línurnar um notkun upphlutarins og peysufatanna í ritgerð sinni. Hann er fremur harðorður og greinilega með miklar skoðanir á efninu og setur þær fram sem sannleik. Sigurður segir meðal annars að nú

séu „konur farnar að taka upp á þeim ósið að sníða peisurnar úr klæði, sem *aldrei* getr orðið eins haganlegt, eða farið eins vel og þrjónapeisur“ og „þó búningr þessi sé fagr, þá hefir þeim vonum fremr tekizt að aflaga hann með allskonar *hófleysum*“ (Sigurður Guðmundsson, 1857: 42. Skál, höf.). Þó að Sigurður hafi þarna sett fram hugmyndir um útlit peysufatanna, og þeim hugmyndum var fylgt í þó nokkur ár af íslenskum konum, þá þróaðist búningurinn eins og aðrir þjóðbúningar gerðu. Nýjar kynslóðir þróuðu búninginn sérstaklega með sér, en eftir árið 1860 fór mikið að bera á því þar sem búningurinn breyttist mikið með nýjum efnum og tískustraumum. Ungar stúlkur þess tíma aðlöguðu peysufötin að nýjum stílum, en eldri konur klæddust oft gömlum búningum þar sem margar konur áttu sama búninginn allt sitt líf. Smám saman öðlaðist búningurinn þjóðlega táknerkingu, eins og Sigurður málari lagði upp með, og varð að sparifötum kvenna í byrjun og fram eftir 20. öldinni. Eldri konur þess tíma héldu margar áfram að klæðast peysufötum en yngri kynslóðin, fædd um aldamótin 1900, sýndi ættjarðarást sína með því að klæðast léttari búningum eins og upphlut og kyrtli og þróa þá búninga, eins og kynslóðin á undan hafði þróað peysufötin (Æsa Sigurjónsdóttir, 2008: 63-67).

Á fyrri hluta 20. aldar varð upphluturinn að tákni bjartsýnna ungra kvenna sem sýndu með því að klæðast búningnum þjóðerni sitt en ekki sem sögulegt þjóðernistákn eins og Sigurður málari hafði séð búninginn. Árið 1930 komu margar konur sér upp búningi fyrir Alþingishátíðina, og fjöldi saumaði einnig upphluti á dætur sínar. Listfræðingurinn Æsa Sigurjónsdóttir bendir á að þetta hafi verið gert til að búa til fagurfræðilega umgjörð í kringum hátíðina, byggða á sýnilegu þjóðlegu táknmáli þar sem þær konur sem klæddust þjóðbúningum voru að klæða sig í þjóðernið. Þessar sömu hugmyndir (og búningar) voru teknir fram lýðveldisárið 1944 (Æsa Sigurjónsdóttir, 2008: 101-105).

Í dag eru búningarnir notaðir við ýmis tilefni og margt gert til að halda notkun hans á lofti. Sem dæmi notar *Þjóðdansafélag Reykjavíkur* (og flest önnur íslensk þjóðdansafélög) búninga þegar þau sýna dans, þá helst 19. aldar upphluti, faldbúninga og gamla herrabúninginn. Um miðja 20. öld notaðist Þjóðdansafélag Reykjavíkur við 20. aldar upphluti sem voru svartir með hvítri svuntu og karlarnir klæddust svörtum buxum við hvíta treyju. Því var hætt eftir að karlarnir áttu erfitt með að komast inn á viðburði á alþjóðlegu þjóðdansamóti í Noregi árið 1955, þar sem margir héldu að þeir væru starfsmenn mótsins því þeir voru ekki í þjóðbúningum. Upp úr því hófst vinna við að finna búninga á karlmennina og úr varð herrabúningurinn gamli. Búningurinn er frá 19. öld og þess vegna skiptu konurnar yfir

í fót frá því tímabili. Konurnar tóku upp 19. aldar upphlut og faldbúninga, sem höfðu lítið sést síðan á 19. öldinni (Sigrún Helgadóttir, 2013: 105-107).

Árið 1999 fól Alþingi þáverandi menntamálaráðherra að koma á fót þjóðbúningaráði til að „varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga. Ráðinu verði falið að koma á fót leiðbeiningar þjónustu“. Verkefni þessarar leiðbeininga þjónustu átti að vera að veita upplýsingar um heimildir sem varða íslenska búninginn, búningagerð, efni og búningasnið ásamt því að benda á þá aðila sem sérhæfa sig í saumaskap á íslenska búningnum og upplýsingar um hvar mætti nálgast efni og snið sem hæfi íslenska búningnum (Þingskjal nr. 221/1998-1999. Tillaga til þingsályktunar). Þjóðbúningaráð heldur nú úti heimasíðu, [buningurinn.is](http://buningurinn.is), þar sem má nálgast ýmsan fróðleik um allar gerðir íslenskra þjóðbúninga ásamt myndum af öllum búningunum í mismunandi litum eða útfærslum (*Íslenskir þjóðbúningar*).

Nokkrir framhaldsskólar hafa lagt sitt að mörkum til að vekja áhuga nemenda á þjóðbúningum. Til að mynda er haldinn sérstakur peysufatadagur í Kvennaskólanum í Reykjavík (*Peysufatadagur Kvennó haldinn hátíðlegur*, 2019) og í Verzlunarskóla Íslands (*Peysufatadagurinn*, 2017) þar sem nemendur skólanna klæða sig upp í þjóðbúninga eða þjóðlegan klæðnað og þyrpast í miðbæinn þar sem þau stíga oft dans. Einnig hefur það tíðkast lengi að útskriftarárgangur Menntaskólans á Akureyri klæði sig í þjóðbúninga á síðustu árshátíð hvers árgangs (Ágústína Gunnarsdóttir, 2018). Við þetta má bæta að reglulega eru haldnir þjóðbúningadagar í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík þar sem fólk er hvatt til að mæta í þjóðbúningum og kynna sér hann (*Þjóðbúningadagur*). Einnig, eins og mörgum er kunnugt, klæðast margir þjóðbúningum á 17. júní, en árið 2018 var fólk sérstaklega hvatt til þess að mæta í búningum til hátíðarhaldanna við Austurvöll í tilefni 100 ára fullveldisafmæli Íslendinga (*17. júní – Má bjóða þér til sætis við Austurvöll?*). Það sama ár stóð Heimilisiðnaðarfélagið fyrir verkefninu *Út úr skápnum – þjóðbúningana í brúk!* til að hvetja konur í að nota þjóðbúninga sem eru til á mörgum heimilum, eða fá yngri konur í fjölskyldunni til að nota búninginn. Þá var boðið upp á ráðleggingar um lagfæringar á búningunum sjálfum eða skarti frá sérfræðingum á þeim sviðum (Sigríður Inga Sigurðardóttir, 2018).

Í dag eru ýmsir sem að stunda rannsóknir á þjóðbúningum og kennslu um gerð þeirra og notkun. Árið 1979 hóf *Heimilisiðnaðarskólinn* göngu sína, en skólanum er haldið úti af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands (stofnað 1913). Þar var boðið upp á námskeið í ýmsum heimilisiðnaði, þar með talið þjóðbúningasaumi og er enn gert í dag. Lengi vel var aðeins

boðið upp á kennslu í 20. aldar búningum, en það breyttist rétt fyrir aldamótin 2000 þegar nokkrar áhugasamar konur um faldbúninga langaði til að læra að sauma sér slíkan búning í Heimilisiðnaðarskólanum. Á þeim tíma var ráðist í námskeiðahald hjá Heimilisiðnaðarfélaginu og konurnar lögðu í mikla rannsóknarvinnu til að kynna sér faldbúninginn. Til að mynda var farið til London til að rannsaka íslenskan faldbúning sem er varðveittur þar. Elsa E. Guðjónsson, sem var mikill brautryðjandi í þjóðbúningamálum og vann mikla rannsóknarvinnu í þeim málum á Þjóðminjasafninu, var fengin til að halda fyrirlestra um búninginn. Vegna þessa áhuga varð til hópurinn *Faldafeykir* sem samanstóð af 15 konum sem rannsökuðu búninginn með það að markmiði að sauma sér slíkan sjálfar, en einnig til að sauma búning sérstaklega fyrir félagið til að sýna og lána. Enn í dag eru haldin faldbúninganámskeið í Heimilisiðnaðarskólanum (Sigrún Helgadóttir, 2013: 105-113).

Árið 2011 var fyrirtækið *Annríki – Þjóðbúningar og skart* stofnað af hjónunum Ásmundi Kristjánssyni, gullsmið og vélvirkja og Guðrúnu Hildi Rosenkjær, klæðskera, kjólameistara og sagnfræðingi. Þau standa fyrir námskeiðum í öllum gerðum þjóðbúninga ásamt því að sauma nýja búninga, laga eldri, smíða búningaskart og hreinsa og laga eldra skart. Þau standa einnig fyrir miklum rannsóknum á búningum og skarti og halda úti safni um þjóðbúninga. Hildur rak áður *Þjóðbúningastofuna* og leiðbeindi á þjóðbúninganámskeiðum hjá Heimilisiðnaðarfélaginu og tók þátt í þeim rannsóknum sem áður var minnst á með hópnum *Faldafeyki (Annríki – Þjóðbúningar og skart)*.

Þær rannsóknir sem hafa verið nefndar hér snúa að mestu leyti að útliti og efnismenningu þjóðbúningana, en þjóðfræðingurinn Bryndís Björgvinsdóttir tók fyrir þjóðbúningana sem menningararf í ritgerð sinni til MA prófs í þjóðfræði árið 2009, *Frá melankólíu til mótspyrnu: Menningararfur á Íslandi* sem Valdimar Tr. Hafstein, prófessor við þjóðfræði við Háskóla Íslands leiðbeindi. Í henni tók Bryndís viðtöl við þrjár konur sem höfðu það að atvinnu að sauma þjóðbúninga og velti upp spurningum um „réttu notkun“ þjóðbúningsins og „átök, vandræði og vangaveltur tengdar samtíma okkar“ (Bryndís Björgvinsdóttir, 2009: 42) sem virtust tengjast menningararfinum. Í þeirri rannsókn komst Bryndís að þeirri niðurstöðu að þjóðbúningur væri sannarlega menningararfur sem tengist „okkur Íslendingum“ og sögulegt gildi búningsins spili þar sterkt inn í, hann tilheyri fortíðinni og nútíðinni. Umstangið í kringum búningana skipti einnig miklu máli, því ef hann væri fjöldaframleiddur í Kína væri hann ekki eins og þegar hann er handsaumaður á Íslandi. Einnig bætir Bryndís við að þær þjóðbúningasaumakonur sem hún talaði við hafa mikilla hagsmuna

að gæta vegna hugmynda um fjöldaframliddra búninga í Kína. Ef úr því yrði og allir íslenskir þjóðbúningar yrðu fjöldaframliddir stæðu þær uppi atvinnulausar (Bryndís Björgvinsdóttir, 2009: 107-108).

Karl Aspelund, hönnuður og mannfræðingur, hefur einnig rannsakað íslensku búningana í þaula. Í grein hans „Breytileg merking menningararfs. Skautbúningurinn, konurnar, landið og þjóðin“ í bókinni *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* greinir hann frá því hvernig táknmynd skautbúningsins og annara þjóðbúninga Íslendinga hafi breyst með árunum og hvernig þjóðerni virðist skipta miklu máli í notkun búningins. Í grein sinni fer Karl einnig yfir hvernig fjallkonan hefur verið skrydd þjóðbúningnum, einkum skautbúningnum, hvaða áhrif búningurinn hefur á áhorfendur og hvernig hann hefur verið notaður til að tákna ýmislegt á stórum viðburðum síðustu aldar Íslandssögunnar (Karl Aspelund, 2015: 94-102).

Í greininni segir Karl frá hvernig skautbúningurinn virðist hafa verið hluti af daglegri menningu kvenna á tímum Sigurðar málara, til að mynda báru margar konur skautbúning í brúðkaupi haustið 1873. Enn fremur báru margar konur búninginn með svartri blæju við útför Sigurðar ári síðar. Þarna segir Karl að búningurinn hafi orðið að tákni um samstöðu íslenskra kvenna sem fylgdu menningarstefnu Sigurðar sem þjóðlegri andhverfu danskrar menningar (Karl Aspelund, 2015: 87). Ásamt þessu færir Karl rök fyrir samruna skautbúningsins og fjallkonunnar, en Sigurður málarí hafði samið ljóð þar sem hann tengdi alla hluta skautbúningsins við ímynd Íslands, hvíta faldblæjan táknaði jökla, silfurskrautið fossa, blómin á samfellunni undirlendið og dökka ullin í búningnum fjallshlíðar. Nokkrum árum síðar þegar fjallkonan birtist sem persónugervingur lands og þjóðar runnu þessir tveir þættir saman að mati Karls (Karl Aspelund, 2015: 88).

#### **4.1 Útlit íslenskra þjóðbúninga**

Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um útlit þjóðbúninga á Íslandi, faldbúnings, upphlutar, skautbúnings, og herrabúningsins gamla. Faldbúningur, upphlutur og peysuföt eiga það sameiginlegt að til eru tvær gerðir af búningunum eftir aldri, t.d. er talað um 18. og 19. aldar faldbúning þar sem hann breyttist sjáanlega milli tímabila.

Eftirfarandi texti byggir á rannsóknum sem með einum eða öðrum hætti má tengja nafni Elnu E. Guðjónsson (1924-2010). Hún var einn helsti sérfræðingur Íslands í þjóðbúningum og gaf út margar bækur um útlit búninganna, sem flest önnur rit byggja á.

## Faldbúningur

Faldbúningurinn dregur nafn sitt af höfuðfatinu, faldinum, sem er einkennandi fyrir búninginn. Við Íslensku búningana eru borin þrenns konar höfuðföt og er faldurinn elsti af þeim, en alltaf hefur verið þörf á höfuðbúnaði vegna veðurs og vinda. Til eru tvær gerðir af földum, krókfaldur sem var notaður á 18. öld (sjá mynd eitt) en frá honum þróaðist spaðafaldurinn sem var mest notaður á 19. öld (sjá mynd tvö) og skotthúfa (sem konur nota líka við upphlut og peysuföt) var einnig borinn við faldbúninginn hversdags frá og með



aldamótunum 1800. Húfan svipar til þeirrar **Mynd 1 - 18. aldar faldbúningar**

sem karlar bera, hún er þrjúnuð, djúp og með stuttum skúfi. Samskeytin við skúfinn og húfuna eru falin með líberíborða sem eru ofnir borðar úr gylltu eða silfurlitu málmgarni eða með vírþræði. Með tímanum lengdist skúfurinn og var jafnvel í einhverjum lit. Húfan sjálf breytti um lit frá bláum í svartan og líberíborðinn við samskeytin varð að hólki úr silfri (*Íslenskir þjóðbúningar*). Faldbúningurinn er tvískiptur í upphlut og niðurhlut og samanstendur hvor hluti fyrir sig úr nokkrum flíkum. Innsta lagið af upphlutnum er ljós nærskyrta, þrjúnuð úr ull eða saumuð úr lérefti eða hör. Þar utan um kemur upphluturinn, eins konar lífstykki (e. *corselet*) sem er reimað saman að framan. Flíkin getur verið úr ýmsum efnum, t.d. ull, vaðmáli, silki eða flaueli, einnig getur upphluturinn verið í ýmsum litum. Hann nær að mitti notandans. Aftan á honum eru leggingar sem eru borðar ýmist úr flaueli, vír eða knipplaðir úr ull eða silki. Þeir eru til að hylja sauma og til skrauts. Yfir upphlutinn er borin treyja, svört eða blá. Hún er eins og upphluturinn oftast úr ull, vaðmáli eða úr flaueli og er einnig með þremur leggingum sem ná yfir bak, axlir og í handveg (Elsa E. Guðjónsson, 1969: 25-26).



Niðurhluturinn á faldbúningnum samanstendur af undirpilssum, einu eða jafnvel fleirum, úr lérefti eða ull, pilsu og svuntu. Pilsu og svuntan geta verið í ýmsum litum, t.d. rauð, græn eða svört. Oft var svuntan í öðrum lit en pilsu. Notast er við ull, vaðmál eða jafnvel silki og bæði pils og svunta eru skreytt með útsaumuðum blómamynstrum, leggingum eða litríku ullarknipli. Með tímanum þróaðist niðurhluturinn í eina flík, ásamt undirpilssum, þannig að svunta og pils voru saumuð saman þannig að úr varð samfella, sem notuð er við 19. aldar faldbúning. Þá voru skreytingar á svuntunni oft hærrí en á pilsinu þannig að hún skæri sig úr (Sigrún Helgadóttir, 2013: 142-144).



**Mynd 2 - 19. aldar faldbúningar**

Faldbúningnum fylgja einnig margir fylgihlutir, svo sem skreyttur krugi sem eitt sinn svipaði meira til þess sem í dag kallast prestakragar eða pípukragar. Flauelsbelti eru borinn við búninginn, oft skreytt með baldýringu eða perlusaumi. Klútar úr silki eða bómull voru bundnir við faldinn (næst enni) og um háls. Einnig voru lausavasar oft bornir undir pilsinu og handlínunum (útsaumaðir klútar) var stungið milli pils og upphluts þannig að handlínan hékk yfir beltið. Sagnfræðingurinn Guðrún Hildur Rosenkjær telur líklegt að konur hafi stungið vinnulúnum höndum undir handlínuna til að hylja þær. Mikið skart fylgir einnig faldbúningnum, 10-12 millur þurfti til að reima saman upphlutinn ásamt reim. Einnig þurfti beltispör á flauelsbeltin eða heilt stökkabelti ásamt svuntuhnöppum sem héldu svuntunni uppi. Ásamt þessu skarti eru nælur, ermahnappar, hálskeðjur eða festar, faldprjónar, hlað og húfuhólkar oft notaðir við faldbúninginn (*Annriki – Þjóðbúningar og skart*).

## Upplutur

Uppluturinn var, eins og kom fram hér að ofan, hluti af faldbúningnum. Þegar faldbúningar sáust sjaldnar þróaðist uppluturinn í sjálfstæðan búning og í dag eru til 19. og 20. aldar upplutir. Báðar gerðir búningsins samanstanda af pilsu, svuntu, skyrtu, húfu og upplutnum sjálfum (lífstykkinu). Munurinn á búningunum er sá að 19. aldar búningurinn er litríkari, bæði í efnisvali en einnig er litrík balderíng á boðungunum sem 20. aldar uppluturinn hefur ekki. 19. aldar búningurinn er auk þess með fleiri millum og með fleiri leggingum á bakinu en 20. aldar búningurinn. Notuð er djúp húfa við búninginn en ekkert belti. 20. aldar uppluturinn er aftur á móti svartur, með færri millum og leggingum, borinn með grunnri húfu, belti og meira skarti en 19. aldar búningurinn, t.d. húfuprjónum og borðarósum úr víravirki í staðinn fyrir baldýruðu blómamynstrin (Elsa E. Guðjónsson, 1969: 50-52).



Mynd 4 - 19. aldar upplutir



Mynd 3 - 20. aldar upplutir

## Skautbúningur

Skautbúningur er álitinn einn af mestu sparibúningum Íslendinga og má þar nefna að fjallkonan klæðist oft skautbúningi á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní, en eins og kom fram í síðasta kafla hannaði Sigurður Guðmundsson málari bæði skautbúninginn og kyrtilinn til að efla þjóðarímynd Íslendinga á 19. öld. Skautbúningurinn samanstendur af treyju sem er krækt saman að framan og skreytt útsaumi (baldýringu), kniplingum eða bekkjum. Einnig er útsaumur á ermum. Á baki og við handveg eru leggingar. Undir treyjunni er brjóst (lítið hvítt stykki undir treyjunni) sem oft sést í. Pilsíð er skreytt borðum eða útsaumað að neðan.



Mynd 5 - Skautbúningar

Litasamsetningin á útsaumnum er mismunandi, oft gulleit eða græn (Elsa E. Guðjónsson, 1969: 58) en einn elsti varðveitti skautbúningurinn er með litríkum útsaum, fjólubláum, rauðum, grænum og gulum. Sá búningur var saumaður á árunum 1864-1865 og er nú varðveittur á Byggðasafni Skagfirðinga (*Skautbúningur Sigurlaugar í Ási*). Við búninginn er borinn skautfaldur, hvít húfa sem svipar til faldsins sem er borin við 18. aldar faldbúning (þó ekki eins, sjá myndir 1 af faldbúningi og 5 af skautbúningi). Yfir skautfaldinn er sett blæja úr tjulli sem er fest með tituprjónum, spöng, koffur eða stjörnuband er sett á faldinn að framan. Belti og næla eru borin við búninginn (Elsa E. Guðjónsson, 1969: 57).

### Herrabúningurinn gamli

Þó flestir kannist aðeins við þjóðbúninga kvenna eiga íslenskir karlar einnig þjóðbúning eins og áður hefur komið fram. Búningur karla samanstendur af skyrtu, vesti, treyju og buxum. Skyrtan er einföld nærskyrta, vestið er tvíhneppt með 18 tölum og hnappagötum, saumað úr ull, klæði eða vaðmáli og fóðrað að innan. Vestið getur verið í ýmsum litum, t.d. bláum, svörtum eða grænum. Treyjan yfir er tvíhneppt með 24 hnöppum og hnappagötum. Hún er eins og vestið saumuð úr ull, klæði eða vaðmáli og þá oftast í dökkum litum. Buxurnar eru með hnepptri klauf að framan og axlaböndum. Þær geta verið annað hvort



**Mynd 6 - Herrabúningarnir gömlu**

hnébuxur eða með síðum skálmum. Þær eru saumaðar úr ull, klæði eða vaðmáli og oftast í dökkum litum en þó þurfa buxurnar og treyjan ekki að vera í samstæðum lit. Við búninginn er borin þrjónahúfa með skúf og oft klútur úr bómull eða silki um háls. Við hnébuxurnar eru þrjónaðir sokkar og sokkabönd (Sigrún Helgadóttir, 2013: 184-185).

## 5 Varðveisla menningararfs og lifandi menning

Hér á eftir verður farið yfir það sem kom fram í þeim sjö viðtölum sem tekin voru við gerð þessarar rannsóknar og þau greind með tilliti til þeirra hugtaka sem sagt var frá í þriðja kafla. Greint verður frá þeim hugmyndum og viðhorfum sem viðmælendur hafa um „réttu notkun“ þjóðbúninga og hvort leyfilegt sé að breyta útliti þeirra frá þeirri stöðluðu mynd sem birtast á vefsíðum sérfræðinga..

### 5.1 Þjóðbúningalöggan

Þjóðbúningar Íslendinga eru af mörgum álitin ómetanlegur menningararfur sem verði að varðveita eins og framast er kostur. Viðmælendur mínir voru sammála um það að þessir búningar væru mikilvæg arfleið Íslendinga. Nokkrir ráku búningaáhuga sinn til ömmu eða mómmu sinnar og flestir nefndu þjóðerni í tengingu við búningana, að þeir væru að sýna þjóðararf sinn (AKU1\_2019, AKU2\_2019, AKU3\_2020, AKU4\_2020, AKUR5\_2020, AKU6\_2020, AKU7\_2020). En þó að talið hafi stundum færst að þjóðerni þá snerust viðtölin fyrst og fremst um viðhorf einstaklinganna til óhefðbundinna búninga og hvort breyta mætti út af þeim „reglum“ eða viðmiðum sem sérfræðingar setja fram um útlit búninganna.

Eins og áður hefur komið fram þá er oft tilhneiging hjá þeim sem vilja vernda menningararf að frysta þær gerðir menningararfsins sem eru taldar trúverðug birtingamynd hans og sporna þannig við spillingu hans. Þetta hefur verið gert lengi í sögu Íslands, allt frá Sigurði málara á 19. öld til Þjóðbúningaráðs og Alþingis árið 2000 eins og áður var sagt frá. Í kafla 3.3. var fjallað um hvernig opinberar vefsíður á borð við þá sem Þjóðbúningaráð heldur úti, [buningurinn.is](http://buningurinn.is), geti gefið fólki þá hugmynd að þeir búningar sem birtast þar séu hinir „einu sönnu“ búningar og að allir þjóðbúningar eigi að líta þannig út til að teljast trúverðugir sem slíkir. Það sem þjóðbúningaráð gerir í raun ómeðvitað vegna sérþekkingar þeirra sérfræðinga sem það skipa og valds sem þeim var gefið frá Alþingi, er að setja fram viðmið sem almenningur leitar í og tekur sem reglum.

Ef þetta er sett í samhengi við þær kenningar sem áður voru nefndar í þriðja kafla, þá má líta svo á að Þjóðbúningaráð bregði sér í gervi ráðamannsins sem Gramsci (2009: 149) skrifaði um. Sem ráðamenn búa Þjóðbúningaráðsmenn yfir ákveðnu menningarlegu forræði sem birtist m.a. í ljósmyndum og lýsingum á búningum á vefsíðu ráðsins. Með þessu má segja að útlit búningana hafi verið fryst með aðkomu sérfræðinga, á vefsíðunni

eru ekki sýndar myndir af öðruvísi þjóðbúningum, til dæmis þjóðbúningaklæddum konum án húfu eða í buxum við upphlut. Hér skal þó taka fram að á vefsíðunni stendur hvergi að ekki megi nota búningana öðruvísi, en með því að taka ekki fram að þessi viðmið séu ekki reglur er verið að beita menningarlegu forræði sérfræðinganna, þau gefa sterkt í skyn að þessi útgáfa búningana sé betri en aðrar með því að sýna þær en ekki aðra búninga. Þess vegna birtist þetta menningarlega forræði ómeðvitað, þjóðbúningaráð hefur ekki endilega ætlað að beita því en almenningur tekur þessum upplýsingum (eða skorti á þeim) sem reglum um réttan búning vegna stöðu þjóðbúningaráðs.

Einn af sérfræðingunum, Hildur í Annríki segir að hún setji ekki reglur um búninga og að hún segi fólki ekki til um hvernig skuli nota þá: „Mér dettur aldrei í hug að segja, ítreka það, hvað er rétt og rangt, það er bara ekkert sem kemur mér við, ef þú vilt fara í upphlutnum og vera í stuttbuxum við þá gerir þú það, ég myndi ekki stoppa þig einu sinni, nema ef ég vildi vita hvaðan upphluturinn væri“ (AKU7\_2020). Hér segir Hildur skýrt að henni finnst það ekki vera í sínum verkahring að segja öðrum hvernig megi eða megi ekki bera íslenska þjóðbúninga, þó að hún starfi vissulega við þjóðbúninga.

Við þetta bætir hún að henni geti svo fundist ýmislegt um hvers konar virðing felist í því að bera upphlut við stuttbuxur, en hún haldi því eingöngu fyrir sig (AKU7\_2020). Hér kemur greinilega fram viðhorf hennar til menningarlegs forræði og ráðamanna þó að þau hugtök hafi ekki verið nefnd í viðtalinu. Hún fjarlægir sig alveg þeim hóp og telur sig ekki sem eina af ráðamönnunum sem í daglegu tali eru nefndir „þjóðbúningalögga“ en það er fólk sem eru í raun löggur þjóðbúningasamfélagsins. Þjóðbúningalöggur eru alvittrar þegar kemur að þjóðbúningum og segja fólki oft til um notkun búningsins. Hildur segir í því samhengi að samfélagið setji sjálf reglur um fatnað, það séu ekki sérfræðingarnir í þjóðbúningasamfélaginu sem banni nútímafólki eitthvað, það sé algerlega hugarfar fólksins í landinu. Íslensk þjóð hafi miklar skoðanir á búningunum en vilji þó alltaf sýna búningunum ást og virðingu, hvort sem það séu þeir sem vilja varðveita búningana án breytinga eða þeir sem vilja breyta til (AKU7-2020).

En þó að Hildur sé ekki ein af þjóðbúningalöggunum eru þær nú samt til. Annar viðmælandi minn, Ingibjörg, segir að hún hafi heyrt af því að konur innan þjóðbúningasamfélagsins hafi viðrað skoðanir sínar um buxnanotkun hennar við 20. aldar upphlut við frænku Ingibjargar sem hjálpaði henni að sauma búninginn. Konurnar hafi þá sagt að „þetta sé ekki í lagi“, að búningurinn eigi að vera við pils en ekki buxur

(AKU5\_2020). Þetta er mjög skýrt dæmi um menningarlegt forræði og hvernig það dreifist um samfélagið, ekki í gegnum formlegar miðlunarleiðir eins og vefsíður eða bæklinga, heldur mann frá manni í gegnum orðróm, um hvað sé í lagi og hvað sé ekki í lagi. Hér eru konur sem telja sig ráðamenn um þjóðbúninga að segja þeim til sem ekki fara eftir því sem þeim þykir eðlilegt, sem í þessu tilviki virðist vera það útlit þjóðbúningana sem hefur verið „fryst“. Ástæða þess að Ingibjörg notar oft buxur við upphlut sinn er sú að hún segist frekar nota búninginn þannig. „Ég veit að það eru ekkert allir sem myndu vilja nota þjóðbúninginn eins og hann er núna, en ef það væri hægt að gefa þínu svigrúm, til dæmis að nota buxur við upphlutinn, því þá væri maður enn þá rosalega fínn, en maður þarf samt ekki að vera í tíu kílóa ullarpílsi við“ (AKU5\_2020).

En þjóðbúningalöggan getur birst fólki öðruvísi en í orðrómum. Einn viðmælandi minn, Una segir frá því að eitt sinn sem hún klæddist faldbúningnum gleymdi hún kraganum sem venjulega fylgir með. Hún reyndi þess vegna að ýfa klútinn sem hún bar til að fela kragaleysið. „Mér fannst ég þínu koma eins og ég væri berrössuð, eins og það vantaði eitthvað, en það var enginn sem tók eftir því, ekkert ha ertu ekki með kraga“ (AKU4\_2020). Hér segir Una frá því hvernig hún „braut reglurnar“ með því að fara kragalaus út í faldbúningi, þó að það hafi ekki verið ásetningur. Þó hafi enginn tekið eftir því eða allavega ekki sagt neitt við hana um reglubrotið, eins og hún virðist hafa átt von á, ekkert menningarlegt forræði var sýnt af hálfu þjóðbúningalöggum, en Una sýndi virkni menningarlegs forræðis, hún bjóst við þjóðbúningalöggum sem myndu segja henni að hún væri kragalaus og kannski „ekki í réttum búningi“. Hún var meðvituð um kragaleysið, reyndi að bæta það upp með því að ýfa kragann og mögulega svolítið stressuð vegna þessa.

Þessu má líkja við virkni alsæisins (e. *panopticon*) sem franskur heimspekingurinn Michel Foucault (2005) skrifaði um. Hugmynd hans byggði á mynd fangelsis sem átti að rísa í hring þar sem fangaklefnir voru í hringnum en fangaverðirnir áttu að vera staðsettir í turni í miðju hringins. Turninn átti að vera myrkvaður en ljós myndi skína utan frá inn í fangelsið, svo að fangaverðirnir sæju fangana en fangarnir gætu ekki séð verðina. Eftir einhvern tíma áttu fangarnir að verða það meðvitaðir um að einhver vörður gæti verið í turninum að þeir myndu fara að hegða sér eins og alltaf væri verið að fylgjast með þeim, óháð því hvort fangaverðirnir væru í turninum eða ekki. Hugmyndin byggist þess vegna á óvissu og varúð, að prófa ekki að brjóta reglurnar því einhver gæti verið að fylgjast

með og gripið þig glóðvolgan (Foucault, 2005: 136-137). Hér er hugmyndin sú sama á bak við fangaverði í *panopticon* Foucaults og þjóðbúningalöggunnar, það virðist alltaf vera eitthvað alsæi á ferðinni sem gæti skotist upp að þér hvenær sem er og spurt af hverju þú sért ekki í „réttum búningi“. Þjóðbúninga-alsæið varð hins vegar ekki til af sjálfu sér, heldur spilar menningarlegt forræði hér inn í, þar sem sjónarmið ráðamanna/sérfræðinga hefur mótað hegðun þeirra sem nota búninginn. Þjóðbúningalöggan er þess vegna bæði alsæi sem býr innra með notendum þjóðbúninga sem styrkist af orðrómum.

Hildisif er ein af þeim sem sér gildi þess að halda menningararfinum óbreyttum. Aðspurð segist hún nota búninginn sinn, 19. aldar upphlut, í „heild sinni“, það er frá skotthúfu að pilsí með öllu því sem mælst er til á heimasíðum sérfræðinga. Hildisif segir að henni finnist vanvirðing við þjóðbúninginn ef hann sé notaður í pörtum, t.d. aðeins upphluturinn við einhvern nútímalegri fatnað, „annað hvort ertu bara í gömlum þjóðbúning eða þú ert í því sem fæst í búðum í dag, því það er ekkert í líkindum við þjóðbúning“ (AKU6\_2020).

Margir eru sammála þessari skoðun Hildisifjar eins og áður hefur komið fram. Það virðist oft vera vegna mikilla breytinga sem hefur orðið á fatnaði kvenna síðustu áratugina, en þetta er ekki nýtt af nálinni. Til dæmis sagði Halldóra Bjarnadóttir sem var mikill frumkvöðull í handavinnukennslu og heimilisiðnaði, í grein um heimilisiðnað frá 1957 að búningurinn yrði að vera smekklegur, einfaldur og tilgerðarlaus án alls óþarfa skrauts sem ætti ekki við hann, „þá væri betra að leggja þjóðbúninginn alveg niður og taka upp „danskan búning“, heldur en að gera hann að viðundri“ (Halldóra Bjarnadóttir, 1957: 95). Hildisif deilir þessum skoðunum með Halldóru sem eru greinilega nýtilkomnar, því rúm 70 ár eru á milli hugmynda þeirra beggja. Sigurður málarí hafði sömu hugmyndir og þær, nærri 70 árum á undan Halldóru þegar hann setti fram sínar hugmyndir um útlit peysufata og upphlutar þegar danskir búningar höfðu rutt sér leið til Íslands og notkun íslensku búningana var á undanhaldi (Sigurður Guðmundsson, 1857: 42).

Hér hafa tvö dæmi verið tekin fyrir sem vísa hvort í sína áttina. Annars vegar vill Ingibjörg breyta búningnum á mjög róttækan hátt með því að nota buxur við hann. Hins vegar vill Hildisif ekki breyta neinu við búninginn og fylgja leiðbeiningum sérfræðinga til hins ýtrasta. Það má því segja að Ingibjörg hafni eindregið menningarlegu forræði ráðamanna á þessu sviði öfugt við Hildisif sem vill hlíta ráðunum og miðla hefðinni eins og henni hefur verið miðlað af þjóðbúningaráði og öðrum sérfræðingum. En hvað



með þá sem vilja laga búningana með smávægilegum breytingum að nútímanum eða mismunandi tilefnum? Og skiptir aldur notanda breyttra búninga máli?

## 5.2 Hverjir eru menningarberarnir?

Eins og áður hefur komið fram var leitast eftir því að fá sem fjölbreyttastan hóp í viðtal fyrir þessa rannsókn. Þess vegna var til að mynda ákveðið að taka viðtal við Ingibjörgu 17 ára, en hún er yngsti viðmælandi minn. Það kom hins vegar skemmtilega á óvart að tvö viðtöl fjölluðu að stórum hluta um fleiri unga þjóðbúninganotendur, þar sem tveir viðmælendur mínir, Elsa og Una eru mæður og eiga dætur sem einnig nota þjóðbúninga.

Elsa gerði búning á eldri dóttur sína þegar hún fermdist en þá vildi sú yngri einnig fá búning. Elsa brást við því og saumaði það sem hún kallar „look-a-like“ búning á þá yngri. Þann búning saumaði hún sjálf eftir að hafa setið námskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Hún notaði efni sem hún fann hjá móður sinni, notaði knipplinga sem hún hafði áður gert en pössuðu ekki á annan búning sem var í vinnslu. Í staðinn fyrir millur notaði hún krækjur sem eru oft notaðar á norskum lopapeysum. Elsa segir einnig að henni finnist ekki skipta máli þó að barna búningar séu ekki eftir reglum og að það megi líta fram hjá ákveðnum hlutum fyrir börnin. Sjálf á hún faldbúning sem hún notar í heild sinni, þó að hún leyfi dætrum sínum að vera húfulausar og í „look-a-like“ búningi. Þessar breytingar sem hún gerir á búningunum fyrir dætur sínar eru að hennar sögn til að þær noti búningana meira, því ef eldri dóttir hennar þyrfti að vera með húfu við faldbúninginn myndi hún ekki klæðast honum. Elsa segir að hún vilji frekar að dætur sínar noti búningana yfir höfuð heldur en að nota þá ekki neitt (AKU3\_2020).

Una hefur svipaða sögu að segja og Elsa, hún notar sinn faldbúning einnig í heild sinni en gerir ýmsar breytingar á búningi yngri dóttur sinnar sem er tveggja ára. Til að mynda notar Una samfellur undir upphlut dóttur sinnar í alls konar litum og jafnvel með kögri og pífu. Pilsíð á búning dóttur hennar er um það bil tvöfalt til að hægt sé að lengja pilsíð og nýta þannig búninginn sem lengst. Una gerir þó ekki breytingar á sínum búningi heldur er í honum eins og þjóðbúningaráð leggur upp með, annað hvort sem faldbúning eða sem upphlut þar sem hún gerði annað pils til að geta notað upphlutinn sem sér búning (pilsin á faldbúning og 19. aldar upphlut eru ekki eins samkvæmt vef þjóðbúningaráðs).

En þrátt fyrir að Una vilji ekki breyta búningnum fyrir sjálfa sig er áhugavert að hún virðist leyfa fleiri „reglubrot“ hjá dóttur sinni, eins og Elsa. Þær segja hiklaust frá því

hvernig þær leyfa dætrum sínum að breyta út af vananum, Una notar litríkar samfellur en ekki skýrtur undir búning dóttur sinnar og Elsa leyfir dóttur sinni að vera húflaus í faldbúningi, þó að þær geri ekki slíkt hið sama við eigin búninga. Hér virðist aldurinn og fjölskyldumynstrið skipta höfuðmáli, mæður virðast frekar leyfa börnum sínum og unglingum að komast upp með „reglubrot“. Elsa segir enn fremur að hún muni eftir því að hafa séð konu sem var í gallabuxum við upphlut, það hafi henni ekki þótt viðeigandi þar sem að konan kom fram opinberlega, en ef hún hefði séð ungling í eins fötum hefði henni þótt það í lagi (AKU3\_2020). Oddný, annar sérfræðingurinn sem tekið var viðtal við, tekur undir þetta og segir að henni þyki það hið besta mál að leyfa börnum að nota búninga þegar þau vilja, því þetta megi ekki verða of hátíðlegt til að fólk noti þetta ekki (AKU2\_2019).

Hildur í Annríki tekur í sama streng, hún segist sjá það að yngri kynslóðir virðast alltaf gera uppreisn í klæðnaði, þau vilja ekki vera eins og foreldrar þeirra. Hún tekur þá sem dæmi um hippa-kynslóðina, sem voru unglingar um 1960 og 1970, mæður þeirra voru mögulega vanar því að ganga í upphlutum til vinnu og báru peysuföt á sunnudögum. Þetta voru konurnar sem skópu 20. aldar búningana eftir leiðbeiningum Sigurðar málara og notuðu búningana eins og þær voru vanar og eins og þær höfðu alist upp við að sjá mæður sínar í svipuðum búningnum. Unglingar þess tíma vildu þá breyta búningunum og taka þá úr því samhengi sem þeir höfðu séð þá í, „en koma 30 árum síðar á námskeið um þjóðbúninga og vilja þá sauma sér búninga eftir réttum reglum sem það setur sér sjálf“ (AKU7\_2020).

Þetta virðist vera rétt, sé litið til Hildisifjar og Ingibjargar, þar sem þær eru af sín af hvorri kynslóðinni og margra ára aldursmunur á þeim, þó að Hildisif sé of ung til að vera af þeirri kynslóð sem Hildur talar hér um. En hún er vissulega eldri en Ingibjörg og sést það vel í mismunandi viðhorfum þeirra til búninganna. Rannsóknir hafa verið gerðar á þessari unglíngauppreisn sem Hildur talar hér um. Ef litið er til þeirra virðast nýjar kynslóðir unglíngna oft gera uppreisn gegn gildum foreldranna eða þeirra sem eldri séu (Haenfler, 2014: 33), hvort sem það sé með Bítlahári eða buxum við upphlut.

Má þess vegna segja að bæði hinir fullorðnu og unglingarnir séu menningarberar þjóðbúninganna. Hinir fullorðnu bera þjóðbúningamenninguna sem þau lærðu af sínum foreldrum til þeirra sem yngri eru. Unglingarnir taka við þessari menningu en gera uppreisn og breyta búningunum. Mögulega munu þessir unglingar síðan hætta

uppreisninni þegar þeir verða eldri og leita aftur í þá menningu sem foreldrar þeirra færðu þeim í upphafi, eða halda sig við sína breyttu búninga og bera þá menningu til barna sinna.

### 5.3 Þverstaða menningarfleiðarinnar

Snúum okkur aftur að rökum þess að búningarnir ættu að haldast óbreyttir. Þar spilar fortíðarþrá mikið inn í, því ef halda á búningunum óbreyttum frá fyrri kynslóðum er hægt að nota þá sem tól til að skyggjast aftur í fortíðina, til að skapa sérstök tengsl milli notandans og mömmu, ömmu, langömmu eða formæðra okkar á 19. öldinni. Með því að hafa búningana „rétt“ og óbreytta er hægt að setja sjálfan sig í spor formæðra sinna með fatavali, sýna þjóðerni sitt, uppruna sinn og ekki síst virðingu sína við formæðurnar með því að bera sömu föt og þær.

Þetta kemur fram í viðtali mínu við Hildisif, en hún segir: „Í gamla daga var náttúrulega klæðnaður kvenna þessi fatnaður og þær gátu ekki farið út í búð og keypt sér nýjan kjól, við getum það, göngum í buxum og allt orðið mjög breytt, þess vegna finnst mér að við þurfum að bera virðingu fyrir þessum hlutum og vera í þeim eins og þeir voru“ (AKU6\_2020). Þetta virðist vera afstaða þeirra sem vilja halda búningunum óbreyttum, að það felist ákveðin virðing í því að bera föt formæðra okkar sem áttu ekki eins mikið og við. Með því að klæðast þeirra fötum við hátíðleg tilefni og veljum að klæðast ekki nútímafötum, eins og buxum, erum við að halda þeirra sögu á lofti.

Hér er ákveðin þverstaða falin. Þegar varðveita átti búningana voru settar ákveðnar reglur, meðal annars af Þjóðbúningaráði eins og áður hefur verið greint frá, en einnig í lögum um menningarminjar. Þar segir í að tilgangur þeirra laga sé „að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða“ (Lög um menningarminjar nr. 80/2). Þessi lög voru sett til að vernda búningana frá inngripi nútímamannsins sem myndi ekki „klæðast búningunum rétt“, það átti að varðveita þekkinguna og endurskapa búninga sem eiga að vera líkastir þeim sem upprunalega voru. En við þetta eru þeir dregnir út úr þeirri lifandi hefð sem þeir urðu til í, sem hversdagsfatnaður, því hvort sem nútímamaðurinn „frystir“ menningararfinn með reglum eða breyti honum með buxum við upphlut, þá er það alltaf inngrip.

Staðreyndin er sú að búningarnir breyttust frá „sinni upprunalegu mynd“, bæði 19. aldar og 20. aldar búningar. Eins og kom fram í kafla 4.1 þá var upphluturinn aðeins hluti af faldbúningnum, þar er falin ákveðin breyting. Ef aftur á móti er litið á 20. aldar

upphlutinn, þá hefur hann mikið breyst síðan hann var tekinn upp sem sérstakur búningur í byrjun aldarinnar. Húfan er t.d. ekki þjóðnú heldur úr flaueli og upphluturinn er orðinn sá þjóðbúningur sem fleiri þekkja en peysufötin, þó að Sigurður málari hafi lagt mesta áherslu á þau. Það er meðal annars vegna þess að ungar konur í byrjun 20. aldarinnar tóku upp upphlutinn til að aðskilja sig frá mæðrum sínum sem notuðu frekar peysuföt. „Hann var sparibúningur aldamótakynslóðarinnar sem tengdi hann fremur við skáldskap [...] en við söguleg þjóðernistákn Sigurðar málara“ (Æsa Sigurjónsdóttir, 2008: 101). Og nú endurtekur sagan sig. Yngri kynslóðir nútímans eru að aðgreina sig frá mæðrum sínum sem nota búningana eftir viðmiðum þjóðbúningaráðs, eins og seinasta aldamótakynslóðin aðgreindi sig frá mæðrum sínum.

Atli og Ingibjörg eru af nýrri aldamótakynslóð, fædd 1999 og 2003. Þau vilja hvorugt fylgja þeim „reglum“ sem eldri kynslóðir settu um búningana en vilja nota þá eins og þeim hentar. Ingibjörg notar breyttan búning þegar hún vill „vera fín en ekki svona eins og ég sé frá 18. öld“ (AKU5\_2020). Hér tengir hún greinilega þær „reglur“ sem eiga við 20. aldar upphlutinn við fortíðina, eins og að klæðast þísi við upphlut en hún notar oft buxur eins og áður hefur komið fram. Ingibjörg hefur meðal annars notað breyttan búning við útskrift sína úr grunnskóla og þegar móðir hennar tók við fálkaorðu frá forseta Íslands. Aftur á móti notaði hún „óbreyttan“ búning við hátíðarhöld vegna fullveldis Íslands og við fermingu litlu systur sinnar. Hún segist nota þjóðbúninginn sinn þegar hún vilji sína fólki og viðburðum ákveðna virðingu, til að sýna að það sé tækifæri til að vera „í fínasta þússi Íslendinga“ (AKU5\_2020).

Hér segir Ingibjörg frá því hvernig hún tengir búningana við formæður sínar, svipað og Hildisif sagði frá hér að ofan, hún tengir búningana við formæður okkar og vill sýna þeim en einnig nútímafólki þá virðingu að mæta í hefðbundnum búningi á þjóðlega viðburði, eins og fullveldisdaginn og við stóra athöfn í lífi systur sinnar, þar sem það eru formlegir viðburðir og rótfastir í sögu þjóðarinnar. Hins vegar notar hún breyttan upphlut við tilefni í sínu eigin lífi eða við sérstök tilefni í fjölskyldulífinu sem eru einstakir eins og þegar móðir hennar fékk fálkaorðuna. Hér tengir Ingibjörg þjóðbúninginn við tísku nútímans, aðlagar upphlut 20. aldar að 21. öldinni með því að nota buxur við hann, sem er þvert á móti því sem fræðimaðurinn Lehnert sagði um tísku og þjóðbúninga og fjallað var um í kafla 3.1, því samkvæmt henni getur þjóðbúningur aldrei fallið að tísku nútímans.

Atli á hinn bóginn breytir búningnum sínum lítið, þar sem hann notar þjóðbúning sinn aðallega sem vinnuklæðnað þegar hann dansar með Þjóðdansafélagi Reykjavíkur. Þar hefur hann ekki svigrúm til að breyta búningnum sínum og lítur frekar á sig sem leikara í hlutverki þegar hann sýnir þjóðdansa heldur en einstakling með sínar persónulegu skoðanir á búningnum sem hann tjáir með því að klæðist honum. Hann segist þó gjarnan vilja breyta búningnum sínum ef hann mætti það, en samkvæmt óskrifuðum reglum þjóðdansafélagsins má hann ekki breyta út af hefðinni þegar hann notar búninginn til að sýna í, en hann notar búninginn lítið utan vinnu sinnar í dansinum. Atli lítur einnig öðruvísi á sinn búning en margir aðrir, þar sem hann hefur notað búninginn í mörg ár sem vinnuklæðnað, hann virðist ekki eins heilagur fyrir honum eins og hann er fyrir mörgum öðrum, það er, Atli lítur á búninginn sinn sem einungis vinnufatnað en ekki fínan fatnað (AKU1\_2019) eins og flestir aðrir viðmælendur mínir. Þjóðbúningur karla er einnig tiltölulega nýr af nálinni eins og kom fram í kafla 4.1, hann hefur ekki þróast með þjóðinni eins og búningar kvenna heldur er hann enn eins og lagt var upp með hann á sjöunda áratug síðustu aldar (Sigrún Helgadóttir, 2013, 106).

Oddný nefnir einnig búning karla og aldur hans, því þar sem búningar karla séu nýrri en búningar kvenna hafi þeir hlotið minni virðingu í samfélaginu heldur en kvenbúningarnir, þó í grunninn séu báðir búningar hversdagsföt (AKU2\_2019). Með öðrum orðum, hversdagsföt kvenna urðu að menningararfi vegna breyttrar notkunar og breyttra viðhorfa samfélagsins í gegnum marga áratugi af notkun, en hversdagsföt karla gleymdust með nýrri tísku og voru ekki notuð aftur fyrr en á sjöunda áratugnum, og þá nær eingöngu af þjóðdönsurum en ekki af almenningi í landinu (Sigrún Helgadóttir, 2013, 107).

Íslensku þjóðbúningarnir, 19. og 20. aldar upphlutir, faldbúningar og karlabúningar ásamt fleirum, eru í dag menningararfur sem mörgum finnst að beri að vernda, annars vegar með því að hrófla ekki við búningnum eins og Hildisif leggur til eða að nota hann með eigin tilbrigðum eins og Ingibjörg. Eða mæður eins og Una og Elsa sem breyta búningunum hiklaust fyrir dætur sínar svo þær noti búningana frekar eða alist upp við búninganotkun. Sérfræðingarnir Oddný og Hildur virðast vera sammála um það að mikilvægast sé að nota búningana, fremur en að nota þá á einhvern ákveðin máta, eða að leika þjóðbúningalöggu samkvæmt hugmyndum Gramscis.

Þverstæða menningararfleiðarinnar felst þess vegna í þeirri tvíhyggju að þjóðbúningar séu bæði gamall menningararfur sem ber að vernda í sinni upprunalegu mynd, en einnig sem lifandi hefð þar sem þeir breytast og þróast með einstaklingum, eins og búningarnir voru í upphafi. Eru búningarnir þess vegna bæði menningararfur og helgigripur og um leið lifandi menning og veisluklæði?

## 6 Niðurlag

Þegar undirbúningsvinna þessarar ritgerðar hófst var hugmyndin sú að afla upplýsinga um þjóðbúninga sem „brutu reglurnar“ sem höfundur var viss um að giltu, meðal annars að alltaf þyrfti að vera í þilsi þegar kvenbúningarnir væru notaðir en ekki í buxum, eða að alltaf þyrfti að bera skotthúfu eða annan viðeigandi höfuðbúnað. Lagt var upp með að stofnanir eins og Þjóðbúningaráð eða fyrirtæki og félag eins og Annríki og Heimilisiðnaðarfélagið sæju til þess að allir hlýddu þessum reglum og væru í raun þjóðbúningalöggan sem ég hafði heyrt talað um. Að konur sem tengdust þessum stofnunum væru þær sem stoppuðu fólk út á götu sem bæru þjóðbúninginn ekki rétt og settu út á búninganotkun landsmanna. Eftir að ég hóf nám í þjóðfræði voru þjóðbúningar og rétt notkun þeirra mér mjög hugleikin, að stofnanir skyldu taka sér svo mikið menningarlegt forræði að reglur væru settar á menningararf Íslendinga. Ég hafði myndað mér mínar persónulegu skoðanir á því, en langaði að rannsaka þetta viðfangsefni meira og heyra hvað öðru þjóðbúningaáhugafólki fannst um breytingar á búningunum. Og úr varð þessi ritgerð.

Í inngangi ritgerðarinnar voru settar fram nokkrar spurningar: Eru til reglur um útlit Íslenskra þjóðbúninga? Hver er þjóðbúningalöggan og hvernig tengjast sérfræðingar henni? Þjóðbúningalögguna er ekki einfalt að finna, hún virðist vera hálfgerð alsæi sem býr innra með fólki, en ekki ákveðnar manneskjur af holdi og blóði. Ef aftur er litið til þess sem Una greindi frá í fimmta kafla, þegar hún gleymdi kraganum við faldbúninginn, þá var enginn sem stoppaði hana og spurði út í kragaleysið, en hún var mjög meðvitað um að hún „væri að brjóta reglurnar“ og að einhver gæti tekið eftir því. Þjóðbúningalöggan virðist þess vegna vera þessi hugsun, að fólk sé meðvitað um að það séu til „reglur“ eða viðmið og að einhver gæti skotið því að þeim að það eigi að nota skotthúfu við búningana eða eitthvað álíka. Notendur þjóðbúninganna eiga sér þess vegna sína innri þjóðbúningalögg. Sérfræðingarnir Hildur og Oddný virðast ekki leika þennan lögguleik opinberlega, þ.e. þær flagga ekki lengur þeim boðum og bönnum sem mörgum finnst gilda um búningana, heldur virðast þær vera sammála um að nauðsynlegt sé að nota búningana. Þær eru þó enn í hlutverki ráðamanna, þar sem þær eru jú sérfræðingar um sögu og gerð búningana og þess vegna ekki skrítíð að margir taki því sem sérfræðingarnir segja sem reglum.

Samkvæmt vefsíðum sérfræðinga virðast ekki vera til fastar reglur um útlit þjóðbúninga þar sem hvergi kemur fram að búningar „eigi“ eða „eigi ekki“ að vera með tilteknum hætti. Í raun er hægt að líta á leiðbeiningar sérfræðinga sem tillögur að notkun, þó að þær tillögur hafi vissulega meira vægi en tillögur leikmanna, þar sem þær koma frá sérfræðingum. Hins vegar, eins og Hildur í Annríki sagði og fjallað er um í fimmta kafla, þá hefur samfélagið tekið þessum upplýsingum sem reglum og standa margir fast við þá skoðun að búningunum megi ekki breyta, eins og einn viðmælandi minn hélt staðfastlega fram. Oft virðist það vera þannig að manneskjan vilji hafa hlutina í ákveðinni reglu, og þegar kemur að einhverju eins mikilvægu og menningararfi Íslendinga er kannski ekki skrítið að fólk eins og Hildisif vilji fara eftir tilteknum reglum til að sýna búningunum og þeim formæðrum sem báru eins búning þá virðingu sem henni finnst þær eiga skilið. Búningurinn er vissulega menningararfur og eins og áður hefur komið fram stendur í lögum um menningarminjar að menningararf skuli varðveita og skila til komandi kynslóða óspilltum. En þá snýst málið við, er þá fólk eins og Ingibjörg sem breytir búningnum sínum og notar buxur við hann að sýna formæðrunum óvirðingu og að spilla menningararfinum? Ekki að hennar mati þar sem hún segist bera mikla virðingu fyrir búningnum og vilji fyrst og fremst nota hann, en hún sér ekki fram á að nota hann eins mikið ef hún þyrfti t.d. alltaf að vera í ullarpílsi við hann.

Er þá búningurinn menningararfur eða lifandi menning? Hann getur í raun verið hvort tveggja, annars vegar menningararfur sem haldið er við sem óspilltum með rannsóknum og notkun fólks eins og Hildisifjar sem notar búninginn á hefðbundinn hátt, en hins vegar sem lifandi menning sem enn er að mótast, hjá Ingibjörgu og þeim sem yngri eru. Þau eldri viðhalda gamalli menningu en þau yngri skapa nýja sem skírskotar til þeirrar eldri. Til eru 18., 19. og 20. aldar búningar sem formæður fólksins í landinu skópu á sínum samtíma. Er yngri kynslóð okkar samtíma að skapa 21. aldar útgáfu af þjóðbúningnum? Er þjóðbúningurinn þess vegna bæði helgigripur og veisluklæði? Verður til ný þjóðbúningalögga um 21. aldar búninga innra með okkur, eða verða þeir búningar reglulausir þangað til að þeir verða að menningararfi eftir hundrað ár, eins og forverar hans?

---

Nafn höfundar



## Heimildaskrá

### Heimildir á prenti

- Anderson, Johann. (2013). *Frásagnir af Íslandi ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð*. Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Sögufélagið.
- Browne, John Ross. (1976). *Íslandsferð*. Reykjavík: Hildur.
- Dundes, Alan. (1980). *Interpreting Folklore*. Bloomington: Indiana University Press.
- Elsa E. Guðjónsson. (2006). Aðfararorð. *Um íslenskan faldbúning, 7-16*. Reykjavík: Þjóðbúningastofan.
- Elsa E. Guðjónsson. (1969). *Íslenzkir þjóðbúningar kvenna frá 16. öld til vorra daga: Stutt yfirlit*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Foucault, Michel. (2005). Alsæishyggjan. Í Garðar Baldvinsson (ritstjóri), *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Flick, Uwe. (2014). *An Introduction To Qualitative Research*. Thousands Oaks CA: Sage Publications.
- Haenfler, Ross. (2014). *Subcultures, the Basics*. New York: Routledge.
- Holland, Henry. (1960). *Dagbók í Íslandsferð 1810* (Steindór Steindórsson þýddi). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Horrebow, Niels. (1966). *Frásagnir um Ísland* (Steindór Steindórsson þýddi). Reykjavík: Bókfellsútgáfan HF.
- Jónas Jónasson (frá Hrafnagili). (1934). *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Karl Aspelund. (2015). Breytileg merking menningararfs. Skautbúningurinn, konurnar, landið og þjóðin. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstjórar), *Menningararfur á Íslandi, gagnrýni og greining (73-105)*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lehnert, Gertrud. (2000). *Tíska: Sögulegt ágríp* (Fríður Ólafsdóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Helgadóttir. (2013). *Faldar og skart – Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
- Sims, Martha C. og Stephens, Martine. (2011). *Living Folklore: An introduction To the Study of People and Their Traditions*. Logan: Utah State University Press.
- Smith, Michéle Hayeur. (2015). Klæðnaður, skartgripir og textílar. Í Bryndís Sverrisdóttir (ritstjóri), *Bláklædda konan – Ný rannsókn á fornu kumli* (25-42). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands
- Valdimar Tr. Hafstein. (2006). Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum. Í Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstjórar), *Frá endurskoðun til upplausnar* (313-328). Reykjavík: Miðstöð einsögunannsókna, ReykjavíkurAkademían.
- Yow, Valerie Raleigh. (2015). *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences*. Maryland: Rowman & Littlefield.
- Æsa Sigurjónsdóttir. (2008). *Til gagns og fegurðar: Sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860-1960*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

### **Netheimildir**

- Annríki – Þjóðbúningar og skart*. (e.d.). Annríki – Þjóðbúningar og skart. Sótt 12. janúar 2020 – 1. apríl 2020 af <https://annriki.is>
- Ágústína Gunnarsdóttir. *Árshátíð MA haldin hátíðleg*. (2018). Sótt 5. febrúar 2020 af <https://www.ma.is/is/frettir/arshatid-ma-haldin-hatidleg>
- Íslensk orðabók*. (e.d.). Sótt 4. febrúar af <http://snara.is>
- Íslenskir þjóðbúningar*. (e.d.). Þjóðbúningaráæ. Sótt 12. janúar 2020 – 14. apríl 2020 af <http://buningurinn.is/>
- 17. júní – Má bjóða þér til sætis við Austurvöll?* (2018). Heimilisiðnaðarfélag Íslands Heimilisiðnaðarskólinn og Fullveldi Íslands. Sótt 5. febrúar 2020 af <https://www.facebook.com/events/i%3%B0n%3%B3-vonarstr%3%A6ti-3/17-j%3BAn%3%AD-m%3%A1-bj%3%B3%3%B0a-%3BE%3%A9r-til-s%3%A6tis-vi%3%B0-austurv%3%B6ll/422124244958780/>

*Peysufatadagurinn.* (2017). Sótt 5. febrúar 2020 af <https://www.verslo.is/frettir/peysufatadagurinn>

*Peysufatadagur Kvennó haldinn hátíðlegur.* (2019). Sótt 5. febrúar 2020 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/04/05/peysufatadagur\\_kvenno\\_haldinn\\_hatidlegur/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/04/05/peysufatadagur_kvenno_haldinn_hatidlegur/)

Sigríður Inga Sigurðardóttir. (2018). Draga gersemar fram í dagsljósið. *Fréttablaðið*. Sótt 5. febrúar 2020 af <https://www.frettabladid.is/lifid/draga-gersemar-fram-i-dagsljosi/>

*Skautbúningur Sigurlaugar í Ási.* (e.d.). Sótt 29. janúar 2020 af <http://www.glaumbaer.is/is/moya/page/skautbuningur-sigurlaugar-i-asi>

Steinunn J. Kristjánsdóttir. (2007). *Hvað gerðu konur á víkingaöld og hvernig klæddu þær sig? Hver var staða þeirra?*. Sótt 29. janúar 2020 á <http://visindavefur.is/svar.php?id=6459>

*Þjóðbúningadagur.* Sótt 5. febrúar 2020 af <https://www.thjodminjasafn.is/syningar-vidburdir/arlegir-vidburdir/thjodbuningadagur/>

### **Tímaritsgreinar**

Anna María Gestsdóttir. (2004). Kyndugt eða kindarlegt? *Morgunblaðið*, 92(250): 21.

Gramsci, Antonio. (2009). Menntamenn (Steinar Örn Atlason þýddi). *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 9(2-3): 141-153.

Halldóra Bjarnadóttir. (1957). Heimilisiðnaður, framtíð heimilisiðnaðar og þróun hans á Íslandi. *Hlín, ársrit íslenskra kvenna*, 39: 92-96.

Sigurður Guðmundsson. (1857). Um kvennbúninga á Íslandi að fornu og nýju. *Ný félagsrit*: 1-53.

Steinar Örn Atlason. Formáli, Menntamenn. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 9(2-3): 141-153.

### **Óprentuð gögn**

Bryndís Björgvinsdóttir. (2009). *Frá melankólíu til mótspyrnu: Menningararfur á Íslandi* (óútgefin meistararitgerð í þjóðfræði). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/3857>

## **Kvikmyndir**

Ólafur Rastrick. (2017). *Skjól og skart* (heimildarmynd). Framleiðandi: Gjóla ehf.  
Leikstjóri Ásdís Thoroddsen.

## **Þingskjöl, lög og ræður**

Þingskjal nr. 221/1998-1999. Tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðbúningaráðs.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Drífa Hjartardóttir. (1998, 11. nóvember). Stofnun þjóðbúningaráðs. Erindi flutt á  
Alþingi, Reykjavík.

## **Myndir**

Allar myndir eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands og eru fengnar af [buningurinn.is](http://buningurinn.is).  
Birtar með góðfúslegu leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

## **Viðtöl**

AKU1-2019 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Atla Frey Hjaltason 3. nóvember  
2019. Í vörslu höfundar.

AKU2-2019 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Oddnýju Kristjánsdóttur 18.  
nóvember 2019. Í vörslu höfundar.

AKU3-2020 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Elsu Herjólfsdóttur Skogland 17.  
janúar 2020. Í vörslu höfundar.

AKU4-2020 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Unu Mathiesen Nikulásdóttur  
20. janúar 2020. Í vörslu höfundar.

AKU5-2020 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Ingibjörgu Brynju  
Finnbjörnsdóttur 22. janúar 2020. Í vörslu höfundar.

AKU6-2020 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Hildisif Björgvinsdóttur  
23. janúar 2020. Í vörslu höfundar.

AKU7-2020 Viðtal Önnu Karenar Unnsteinsdóttur við Guðrúnu Hildi Rosenkjær  
24. janúar 2020. Í vörslu höfundar.